

KVIKMYNDASAFN ÍSLANDS



Rússneskur vetur í Bæjarbíói
bíói Kvikmyndasafns Íslands í Hafnarfirði



Sýningaskrá 2013 - 2014



Umsjón vetrardagsskrár
Hönnun, myndvinnsla og ritstjórn sýningaskrár
ERLENDUR SVEINSSON

Kvikmyndaval
ERLENDUR SVEINSSON
GUNNPÓRA HALLDÓRSDÓTTIR

Textaskrif
ERLENDUR SVEINSSON hefur ritað allt meginmál sýningarskrárinnar að fráslepptum greinum um teiknimyndir (bls. 12) og þulinn Sergei Khalipov (bls. 33) en höfundur þeirra er ÍVAR H. JÓNSSON, formaður MÍR.

ERLENDUR hefur ritað flestar umsagnir um kvikmyndirnar sjálfar en hefur notið aðstoðar GUNNPÓRU HALLDÓRSDÓTTUR og RAGNHEIÐAR ERLINGSDÓTTUR við þau skrif og tilheyrandi skoðun kvikmynda.

Umsjón með sýningu í forsal Bæjarbíós
GUNNPÓRA HALLDÓRSDÓTTIR

Klipping einstakra dagskrárliða
Þýðing Ferðalags á Íslandi
ERLENDUR SVEINSSON

Þýðing Karamazov-bræðra I - III og Heimsókn Íslenskrar sendinefndar til SSSR 1954. Prófkalestur
INGUNN HREINBERG

Klipping texta við Karamazov-bræður I - III
BOGI REYNISSON OG RAGNHEIÐUR ERLINGSDÓTTIR

Skönnun og aðstoð við klippingu og myndsetningu dagskrár
SIGFÚS GUÐMUNDSSON

Prufusýningar og aðalsýningamaður dagskrárinnar
SIGURJÓN JÓHANSSON

Prentun
ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA

Kvikmyndasafnið þakkar eftirtöldum aðiljum fyrir samvinnuna
FÉLAGIÐ MÍR, Menningartengsl Íslands og Rússlands
ÍVAR H. JÓNSSON, formaður MÍR, textaskrif og aðalráðgjöf við val kvikmynda
Gunnlaugur Einarsson, ráðgjöf
Ari Alexander Ergis
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
ALÞJÓÐA ÓLYMPIÚNEFNDIN
SÆNSKA KVIKMYNDASAFNIÐ
BRESKA KVIKMYNDASAFNIÐ
The Match Factory Sales company, Þýskalandi
Films Boutique, Berlin, Þýskalandi
Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar

Skannað (sk), sem kemur fyrir í upplýsingum um einstaka myndir, merkir að filma í vörslu Kvikmyndasafnsins er ekki talin sýningarhæf og hefur því verið yfirfærð á stafrænt form til sýningar og rannsóknna á meðan beðið er eftir fullnaðarviðgerð.

Skrá þessi og nánari upplýsingar um sýningar Kvikmyndasafnsins eru birtar á vefsíðu þess: www.kvikmyndasafn.is og á facebooksíðunni Kvikmyndasafn Íslands.



KVIKMYNDASAFN ÍSLANDS
Hvaleyrarbraut 13
220 Hafnarfirði
Sími: 5655993
Vefsíða: www.kvikmyndasafn.is

BÆJARBÍÓ, bíó Kvikmyndasafns Íslands
Strandgötu 4 • 220 Hafnarfirði
Sími: 5556160
Netfang: kvikmyndasafn@kvikmyndasafn.is


Hafnarfjarðarbær
er aðalstyrktaraðili
Kvikmyndasafns Íslands

RÚSSNESKUR VETUR Í BÆJARBÍÓI, BÍÓI KVIKMYNDASAFNS ÍSLANDS Í HAFNARFIRÐI



Að þessu sinni byggist sýningadagsskrá vetrarins svo til eingöngu á kvikmyndum frá Sovétríkjunum og Rússlandi. Þrennt kemur til: 1) Tímabær rannsókn á þeim fjársjóði sem stærsta gjöf kvikmynda til safnsins kallar eftir. 2) Knappur fjárhagur, sem rakinn verður til hrunsins en felur í sér ófyrirséð tækifæri, eins og allt mótlæti þegar grannt er skoðað. 3) Ábending Menningarmálaráðuneytis til stofnana sinna um að hafa í huga við skipulag atburða á árinu 2013 að þess verði þá minnst að 70 ár séu liðin frá því að stjórnmalasamband var tekið upp milli Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, nú Rússlands.

Til að gera Rússneska veturinn að veruleika þurfti að skoða og skanna mikið magn af kvikmyndum. Afarbrýnt var að finna leiðir til að vinna með skannaðar CinemaScope myndir svo hægt yrði að þýða Karamazov-bræðurna I - III sem var forsenda fyrir sýningu þessa mikla myndaflokks sem ekki hefur verið sýndur hér á landi áður en einnig til að klippa myndir í slíku formati frá grunni. Ingunn Hreinberg, sem stundað hefur nám í Sankti Pétursborg, tók að sér að þýða alla þrjá hluta Karamazov-bræðra og fleiri myndir. Íslenski hluti dagsskrárinnar kallaði á margvíslega klippivinnu og skiltagerð, tónlist var sett við kvikmyndir, kyrrmyndir vegna sýningaskrárinnar voru sóttar í kvikmyndirnar sjálfar, margt hefur verið rannsakað og upplýsinga aflað og náði og gott samstarf verið haft við formann MÍR, Ívar H. Jónsson, sem er hafsjór fróðleiks. Það sem við fyrstu sýn gat virst vera efni í einhæfa dagskrá reyndist vera afar fjölbreytt þegar upp var staðið. Samt varð ekki komist hjá því að flytja inn nokkrar myndir frá söfnum erlendis.

Langstærsti hluti dagskrárinnar kemur úr safni MÍR, sem afhent var Kvikmyndasafni Íslands á árunum 2004 – 8. Allar bera þessar myndir með sér þann tilgang að stuðla að menningartengslum á milli Íslands og Ráðstjórnarríkjanna og síðar Rússlands með það að markmiði að upplýsa og eyða fordómum, brjóta múra innlokunar og vekja gagnkvæman áhuga á menningu þjóðanna. Segja má að Rússneski veturinn í Hafnarfirði haldi þessum kyndli á lofti. Þetta er raunar það sem kvikmyndasöfn heimsins eru að gera. Þau miðla á milli safna kvikmyndalist frá öllum heimshornum og stuðla með því að áhuga á heimsmenningunni og leggja því sitt að mörkum til friðar og betra mannlífs hér á jörð. Þetta vekur til umhugsunar um það stóra hlutverk sem menningar- og listmiðlun hefur gegnt í heiminum í þágu friðar á meðan vígbúnaður fór fram og heróp kváðu við í fjölmiðlum. Rökstutt hefur verið í ræðu og riti að menning og listir og þá ekki síst kvikmyndalist en líka ballett, jazz og sífóníuhljómsveitir, rokk- og poppbönd, hafi átti sinn stóra þátt í að undirbúa lok kalda stríðsins milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Því þrátt fyrir vígbúnaðarkapphlaupið gerðu þessi stórveldi með sér menningarsamning og opnuðu sig smám saman fyrir ólíkri menningararfleið hvors annars, þótt tekist væri á á hinu pólitíska sviði.

Kvikmyndir upp úr verkum rússnesku **bókmenntajöfranna** mynda rammaþema dagskrárinnar. Við byrjum á *Karamazov-bræðrum* Dostojevskíjs, endum á *Stríði og friði*

Tolstojs en sýnum á miðjum vetri kvikmynd sem byggð er á *Platanov* Tsjechovs og ævintýri eftir Púsjkin. Þessi nöfn eru kannski flaggskip rússneskrar menningar á heimshöfum bókmenntanna og birtast verk þeirra hér í veglegum kvikmyndabúningi.

Þrjú kvikmyndameistarar máta sig við meistara bókmenntanna og mynda þema sígildrar kvikmyndalistar og innri ramma dagskrárinnar: Þetta eru **Eisenstein, Púðovkin, Tarkovsky**. Eisenstein og Púðovkin settu mark sitt á þróun kvikmyndamálsins í árdaga og gerðu báðir kvikmyndir um upphaf byltingarinnar sem kennd er við Október. Eisenstein samnefnda kvikmynd en Púðovkin *Síðustu daga Sankti Pétursborgar*. Það var sjálfgefið að *Október* yrði fyrsta myndin á dagskrá í októbermánuði en frægasta mynd Púðovkins, *Móðirin*, fyrsta myndin á dagskránni í apríl. En miðja vegu á milli verður syrpa fjögurra Tarkovskymynda, tvær eftir handritshöfundinn Tarkovsky og tvær leikstjóran Tarkovsky. Í annarri þeirra, *Förninni*, sem er síðasta mynd meistarans, leikur **Guðrún Gísladóttir** en tveir af leikurum hinnar myndarinnar, *Solaris*, komu til Íslands til að vera viðstaddir frumsýningu hennar, Litháinn Donatas Banjonis og Natalja dóttir Bondartsjúks, leikstjóra *Stríðs og friðar*.

Sýningareintak Októbers kom í leitirnar hjá MÍR deildinni á Siglufirði um aldamótin 2000. Það hafði orðið innlyksa þar. MÍR ákvað að afhenda Kvikmyndasafni Íslands eintakið til varðveislu enda reyndist hér vera um eldfima nítrat filmu að ræða. Í ljós kom að filman hafði verið sýnd í Siglufjarðarbíói og er væntanlega sjálf filman sem notuð var til að sýna Íslendingum þessa frægu kvikmynd í upphafi. Filman er ekki í sýningarhæfu ástandi en með lagni hefur tekist að skanna hana og útbúa til sýningar á Rússneska vetrinum auk þess sem lögð hefur verið við hana tónlist eftir Sjostakovítsj sem samdi sinfóníu um Októberbyltinguna.

Nokkrar firnasterkar kvikmyndir með sögusvið í seinni heimsstyrjöldinni verða á dagskrá, þar á meðal mynd hins fræga rússneska kvikmyndaleikstjóra **Mikhaíl Romm**, *Venjulegur fasismi*, sem hlaut aðalverðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Leipzig árið 1965. Þar var þá fyrir íslenskur blaðamaður, síðar formaður MÍR, Ívar H. Jónsson. Hann hitti leikstjóran og skrifaði um hátíðina og mynd Romms í Þjóðviljann.

Kvikmyndirnar *Faust* og *Heimilið (Dom)* verða fulltrúar nútímakvikmyndagerðar í Rússlandi en *Túlpani* fulltrúi eins af Sovétlýðveldunum, sem nú er orðið sjálfstætt, Kazakstan. *Faust* tengist Íslandi á þann hátt að hluti myndarinnar var tekinn hér árið 2011 og **Sigurður Skúlason** leikur í myndinni. Leikstjórin, **Sokurov**, er eitt skærasta nafnið í rússneskri kvikmyndagerð í dag. *Tulpan* er um efni sem Íslendingar reyndu á sjálfum sér hér áður fyrri: Vandann við að finna sér kvonfang í strjálbýlum sveitum og drauminn um að flytjast þaðan búferlum á mölina.

Það kemur í ljós að Sovétmenn stóðu mjög framarlega í **brúðu- og teiknimyndagerð** á öldinni sem leið og voru að framkvæma ákaflega frumlegar hugmyndir strax árið 1912 fyrir rúmri öld síðan. Við sýnum syrpu af teiknimyndum sem spanna 70 ára tímabil í dagskránni.


Ballettmyndir verða eitt af stóru þemum Rússneska vetrarins en þær sýna okkur stórveldisbraginn á þessu sviði í gömlu Sovétríkjunum. Ballettlistformið hefur verið í hávegum haft í Rússlandi og nágrannalöndum þess allt aftur til endurreisnartímans og allur almenningur hefur átt þess kost að njóta þessa listforms. Skipti á heimsóknum ballettflokka Sovétríkjanna og Bandaríkjanna samkvæmt menningarsáttmála þessara þjóða er talið hafa átt sinn stóra þátt í að opna augu beggja blokka og ryðja brautina upp að endalokum kaldastríðsins. Ballettkvikmyndirnar sýna hvernig Sovétmenn nýttu sér kvikmyndamiðilinn til að koma ballettlistinni á framfæri á áhrifamikinn hátt. Einstaka dansarar þessara mynda hafa komið til Íslands og dansað í Þjóðleikhúsinu.

Íþróttir eru annar þáttur sem markað hefur stór spor í menningarsamskipti þjóðanna og þar hafa Sovétmenn verið framarlega í flokki. Við sýnum Ólympíumynd þeirra frá 1980, sem sameinar tvo þræði sem fylgja Ólympíumyndum, nefnilega pólitískan áróður og friðarboðskapinn sem því fylgdi að mikil fjöldi þjóða heims kemur saman til að leika sér í sátt og samlyndi. Ólympíumynd Rússana er upptaktur að **Ólympíumyndapema** því í kjölfar hennar verða sýndar tvær af frægustu Ólympíumyndum allra tíma. Þar við bætist aukamynd með Sigurjóni Péturssyni, glímukappa, á Ólympíuleikunum í Stokkhólmi árið 1912.

Hin áhrifamikla Kristgervingsmynd *Uppgangan* verður á dagskrá í dymbilvikunni en síðast en ekki síst þá verða **fjórar samsettar dagskrár sem sýna Ísland og Íslendinga frá sjónarhorni Sovétmanna** á tímabilinu 1954 – 1987. Hér er ýmist um að ræða myndir teknar á Íslandi eða myndir af íslenskum sendinefndum í heimsókn til Sovétríkjanna. Í þessum dagskrám eru einnig alíslenskar kvikmyndir. Ber þar fyrst að nefna tvær myndir eftir **Magnús Jónsson**, sem fyrstur Íslendinga lærði kvikmyndagerð í Sovétríkjunum, en einnig klipptan úrdrátt Kvikmyndasafnsins úr heimildarmyndefni **Gísla Gestssonar** af þjóðhátíðinni á Þingvöllum árið 1974. Þetta efni var tekið á 35mm CinemaScope filmu fyrir 40 árum og ætlað til sýningar í kvikmyndahúsi en náði aldrei svo langt því fjármögnunin brást á elleftu stundu. Sjónvarpið lét kvikmynda á 16mm filmu á hátíðinni sem hefur heldur ekki séð dagsins ljós en sjónvarpað var frá hátíðinni beint í svart/hvítu. Rússneskir kvikmyndagerðarmenn voru á hátíðinni til að kvikmynda kafla í mynd sína *Niðja Íslands*. Þeir luku við sína mynd. Hátíðin var einnig kveikjan að *Three Faces of Iceland*, sem Sig Sverrir Pálsson og Magnús Magnússon gerðu. Kvikmynd Magnúsar Jónssonar, *Ern eftir aldri*, hefst á þessari miklu hátíð og er stúdíó í þjóðarsálinni eftir 1100 ár. Efnistökin bera þess merki að höfundurinn lærði sína list í Sovétríkjunum. Kannski má lesa út úr samanburðinum á íslensku áformunum og því sem Sovétmenn komu í verk á þjóðhátíðinni 1974 hve afstaða Sovétmanna til mikilvægis heimildarmyndgerðar stóð traustum fótum enda var hún með rætur í yfirlýsingu Leníns sem lýsti því yfir að kvikmyndirnar væru langmikilvægasta listgreinin fyrir hið nýstofnaða ríki. Þessi afstaða skín í gegnum dagskrárnar þrjár sem byggjast á heimildarmyndum Sovétmanna um Ísland og heimsóknir Íslendinga austur þangað. Heimildarmyndagerðin er notuð til að styrkja tengslin á milli þjóðanna og felst í því nokkurt áróðursbragð en þær eru líka heimildasöfnun í lifandi myndaformi sambærileg við fjölskyldumyndaalbúmin hér á árum áður sem fólk á Fésbókaröld er nánast hætt að búa til. Sama á við um heimildamyndir eins og þær sem við sýnum í fjórðu syrpu. Slíkar myndir eru tæpast lengur búnar til. Sú syrpa er að vísu samsett einvörðungu úr rússneskum heimildarmyndum en það sem tengir þær Íslandi er að þær eru allar talsettar á íslensku af Rússanum **Sergei Khalipov**. Það athyglisverða við Khalipov þennan er að hann talar þessa fínu íslensku en hefur aldrei til Íslands komið. Kannski það verði hin rökrétta niðurstaða Rússnesks vetrar í Hafnarfirði að hinum sjötuga Khalipov verði boðið til Íslands og að hann geti loks séð land íslenskunnar og við fræðst af honum um þessa merkilegu menningarmiðlun sem hann tók þátt í að gera að veruleika.

Sýning á veggspjöldum og safnum í forsal Bæjarbíós

Eitt af höfuðverkefnum Kvikmyndasafna er að safna hvers kyns heimildum um kvikmyndagerð, bæði á pappir og í stafrænu formi, sem og tækjum og tólum sem notuð hafa verið við tök, vinnslu og sýningu kvikmynda. Kvikmyndasafn Íslands á ýmislegt í fornum sínum af slíkum hlutum sem tengjast Rússneskum vetri í Hafnarfirði og hefur af því tilefni sett up sýningu í forsal Bæjarbíós á veggspjöldum, ýmsum heimildum og munum, sem varða menningarsamskipti Íslands og Sovétríkjanna. Til að auka fjölbreytnina verður veggspjöldunum skipt út á miðjum vetri. Þess er vænst að slíkar sýningar í forsal bíós safnsins verði fastur liður í starfsemi þess í framtíðinni og undirstriki að bíóið sjálft er líka safngripur og safnahús.



Þema: Bókmenntajöfrar á kvikmyndatjaldi

Viðamikilli dagskrá hæfir viðamikil umgjörð. Ekkert lá því beinna við en að velja kvikmyndastórvirki sem gerð hafa verið upp úr meistaraverkum rússnesku bókmenntajöfranna og því hefst Rússneski veturinn í Hafnarfirði á frumsýningu kvikmyndar í þremur hlutum eftir skáldsögu Fjodor Dostojevskijs, *Karamazov-bræður*. Um miðjan vetur verður *Ófullgert verk fyrir sjálfspilandi píanó* á dagskrá, sem byggir á leikritinu *Platanov* eftir Anton Tsjechov, *Rúslan og Ljúdmíla* byggða á áventýri Púsjkins en vetrinum lýkur á stórmynd Bondartsjúks í fjórum hlutum eftir skáldsögu Lev Tolstojs *Stríð og friður*.

Allar þessar bíómyndir komu í vörslu Kvikmyndasafns Íslands úr safni MÍR. MÍR sýndi hins vegar ekki *Karamazov-bræðurna* vegna þess að félaginu áskotnaðist hún án þýðingar. Það þurfti því að láta þýða verkið og finna leiðir til að koma þeirri þýðingu á myndina sjálfa. Það vafðist í fyrstu fyrir okkur þar sem myndin var í CinemaScope formati en það tókst að leysa þá þraut og Gunnur Hreinberg var fengin til að annast þýðinguna. Það er því með nokkru stolti og sannri ánægju að Kvikmyndasafnið býður upp á frumsýningu *Karamazov-bræðra* á Íslandi við upphaf þessarar vetrardagskrár.

Karamazov-bræðurnir eru tilfinningaþrungið verk svo að á stundum slær yfir í óperutilþrif. Myndin hefur á að skipa stórstjörnum úr rússneskri leikarastétt og kvikmyndatökan heldur þétt og fallega utan um atburðarásina. *Ófullgert verk fyrir sjálfspilandi píanó* verður á dagskrá í nóvemberlok, létt og leikandi millispil sem ber Tsjechov fagurt vitni og minnr okkur á að einn helsti kvikmyndaleikstjóri Íslendinga í dag, Baltasar Kormákur, gerði einnig tilbrigði við *Platanov* Tsjechovs með mynd sinni *Brúðguminn*. Sýningar MÍR á *Stríði og friði* eru mörgum að góðu kunnar og í fersku minni, þar sem þær stóðu yfir drjúgan part dags með kaffi og matarhléum. Kvikmyndasafnið mun hins vegar sýna myndhlutana í fjóra daga samfleytt, nema hvað gert verður hlé á sýningum 1. maí. Við trúum því að enn séu þeir til sem láti sig dreyma um að sjá þetta stórbrotna verk á biótjaldi og að ferðalög í Hafnarfjörð daglega allt að fjórum sinnum í röð verði þeim ekki hindrun, sérstaklega ef þeir hafa vanist því að sækja sýningar safnsins í Bæjarbíó á þessum rússneska vetri. *Stríð og friður* er eins konar grand finale dagskrárinnar, enda dýrasta og umfangsmesta kvikmynd sem nokkru sinni hefur verið framleidd. Hún varð til á árunum 1961 - 67, var kostuð af Mosfilm og ríkinu sjálfu og hefur unnið til fjölda alþjóðlegra verðlauna.

Þema: Samskipti Sovétríkjanna og Íslands í kvikmyndum I

Í þessari fyrstu röð af fjórum um samskipti Sovétríkjanna og Íslands verða sýndar fjórar sovéskar heimildarmyndir um íslenskt efni, tvær frá sjötta áratugnum og tvær frá þeim sjöunda. Fyrsta myndin, *Íslensk sendinefnd menntamanna í SSSR*, lýsir ferðalagi sendinefndar MÍR til Sovétríkjanna árið 1954. Hún geymir verðmæta mynd af þjóðþekktum Íslendingum sem ekki eru fyrirferðarmiklir í heimildarmyndasafni okkar Íslendinga. Þetta eru þeir Ragnar Ólafsson hrl, formaður nefndarinnar, Kristín Ólafsson, Björn Jóhannesson jarðvegsfræðingur, Björn Sigurðsson læknir og prófessor, forstöðumaður Tilraunastofu HÍ í meinafræðum, Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur, Guðni Jónsson prófessor, Snorri Hjartarson skáld og Þorbjörn Sigurgeirsson eðlisfræðingur. Þeir heimsækja ýmsa staði og eiga samtöl við sovéska starfsbræður. Kvikmyndasafnið hefur látið þýða þulartexta myndarinnar.

Næsta mynd, *Ferðalagi á Íslandi* (1955), verður einnig íslenskuð en hún er mikilvæg heimildarmynd um íslenskt efni frá miðjum sjötta áratugnum enda oft til hennar vitnað í íslenskum heimildarmyndum. Hún hefst á flugferð frá Moskvu til Íslands en er síðan lýsing á landi og þjóð í eftirminnilegum atriðum: Sjö ára strákur að keyra traktor í sveit, uppskipun salts á Akureyri, sildveiðar og sildarsöltun, löndun á varnngi frá Sovétríkjunum í Reykjavíkurbíó, svipmynd af Halldóri Laxness við ritstörf að Gljúfrasteini. Í lokaatriði myndarinnar syngur **Alfred Clausen** um íslenskt sumarvöld í Reykjavík.

Þriðja myndin er frá árinu 1967 og nefnist *Kynni af Íslandi* (1967). Hana gerði **Júríj Salnikov**, vinur Magnúsar Jónssonar, kvikmyndagerðarmanns (1938-79), sem aðstoðaði þennan kvikmyndaskólubróður sinn í Moskvu við töku myndarinnar og sést í myndinni. Myndin er verðmætt innlegg í lifandi heimildir sjöunda áratugarins. Hún er án þulartexta og dregur upp mynd af Reykjavík og Akureyri og ferðalagi um landið með viðkomu í sjávarplássi. Við sjáum Ósvald Knudsen við kvikmyndaklippingar í vinnustofu sinni og Ásmund Sveinsson í sínum ranni, fegurðarsamkeppni og sitthvað fleira.

Síðasta myndin í sýrpunni er um heimsókn alþingismanna til Moskvu árið 1969. Í sendinefndinni að þessu sinni eru: Birgir Finnson, forseti sameinaðs þings og þingmennirnir Ingvar Gíslason, Eysteinn Jónsson, Sveinn Guðmundsson, Guðlaugur Gíslason og Gíls Guðmundsson. Íslenskur þulartexti er lesinn inn á myndina. Byrjað er í Moskvu en síðan haldið út á land suður á bóginn og endað í Leníngrád áður en farið er til baka til Moskvu til fundar við ýmsa áhrifamenn í viðskiptalífi og stjórnmálum. Í lokaatriðinu er heimsóknin sögð vera farin í þágu friðar og vináttu á milli Íslands og Ráðstjórnarríkjanna.

Fjodor Dostojevskij:
Karamazov-bræður I - III

Anton Tsjechov:
Ófullgert verk fyrir sjálfspilandi píanó

Aleksandr Púsjkín:
Rúslan og Ljúdmíla

Lev Tolstoj:
Stríð og friður I - IV

SALUR BÆJARBÍÓS,
bíós Kvikmyndasafns Íslands


KARAMAZOV-BRÆÐURNIR
1. hluti
 Bratja Karamzovy I

SOVÉTRÍKIN, 1969
 Sýningartími: 77 mín
 Íslenskur neðanmálstexti
 FILMA skönnuð 35mm, litur

Kírill Lavrov, Mikhaíl
 Úljanov og Ívan Pyrjev

Aðalleikarar: Mikhaíl Úljanov,
 Kírill Lavrov og Lionella
 Pyrjeva.
 Kvikmyndataka: Sergej
 Vronskij

Í fyrsta hluta myndarinnar kynnumst við Karamazov-bræðrunum þremur Dmítrí, Ívani og Aljosja, Fjodor föður þeirra, þjóninum Smerdjakov og örlagavefskonunum Grúsjenku og Katerínu Ivanovnu. Dmítrí er ástfanginn lífsnautnamaður í örvæntingarfullri fjárþröng og þarf að komast yfir arfshlut sinn eftir móður sína, sem faðir hans situr á, en báðir tilbiðja þeir sömu konuna, hina lauslátu Grúsjenku. Dmítrí er samt trúlofaður hinni virðulegu Ívanovnu en þarf að gera upp peningalega skuld við hana til að halda virðingu sinni. Aljosja veitir Guði kærleiksást sína og reynir að miðla málum milli bræðra sinna og föður þeirra. Ívan, sem elskar Ívanovnu á laun, veltir upp tilvistarspurningum mannsins um grundvöll siðferðisins, Guð og eilíft líf. Hann telur að manningum leyfist að óska sér dauða annars manns þótt morð sé ekki leyfilegt, jafnvel í siðlausum heimi. Í peninganaúð sinni fer Dmítrí gáleysilegum orðum um líf föður síns, láti hann ekki peningana af hendi.

Þriðjudagur 3. sep
 Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 7. sep
 Kl. 16:00


KARAMAZOV-BRÆÐURNIR
2. hluti
 Bratja Karamzovy II

SOVÉTRÍKIN, 1969
 Sýningartími: 70 mín
 Íslenskur neðanmálstexti
 FILMA skönnuð 35mm, litur

FRÓÐLEIKSMOLAR

Kvikmyndin Karamazov-bræður, er gerð upp úr síðustu skáldsögu Fjodor Dostojevskíjs. Ingibjörg Haraldsdóttir, skáld og þýðandi, hefur þýtt verkið á íslensku og kom þýðingin út 1990-1991. Kvikmyndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda myndin árið 1970 og einn stjórnaða hennar, Ívan Pyrjev, vann til sérstakra verðlauna á 6. Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Moskvu 1969.

Smerdjakov segist ætla að látast vera veikur af ötta við að verða talinn meðsekur ef Dmítrí gerði föður sínum eitthvað til miska. Eitthvað ógnvænlegt liggur í loftinu í samtali þeirra Ívans. Dmítrí reynir að telja hinn drukkna Lígavíj á að kaupa af honum trjálund í væntanlegri arfsjörð. Andlát Zósíma fær mjög á Aljosa. Horfandi til himna segist hann ekki samþykka veröld Guðs, þótt hann sé ekki í uppreisn gegn honum. Hann lætur teyma sig heim til Grúsjenku sem segir honum að örlög sín séu ráðin. Hún ætli að giftast Kúzma Kúzmitsj sem sé eini maðurinn sem vilji eitthvað með sig hafa og biður í örvæntingu fyrir kveðju til Dmítrí, að hann minnst flagðsins með blíðu, sem hafi elskað hann í eina klukkustund. Dmítrí heldur að Grúsjenka hafi farið til föður síns. Þegar hann kemur þangað er faðir hans að búa sig undir ástarfund og fylgist Dmítrí úr garðinum með gleðilátum hans og tilhlökkun. Stormur brestur á. Dmítrí kemst að sönnum fyrirætlunum Grúsjenku. Hann eltir hana til Kúzmitsj, staðráðinn í að vinna ástir hennar á ný. En hver er eiturbikarinn sem hann biður Guð um að taka frá sér?

Þriðjudagur 10. sep
 Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 14. sep
 Kl. 16:00


KARAMAZOV-BRÆÐURNIR
3. hluti
 Bratja Karamzovy III

SOVÉTRÍKIN, 1969
 Sýningartími: 72 mín
 Íslenskur neðanmálstexti
 FILMA skönnuð 35mm, litur

Leikstjóri myndarinnar, Ívan Pyrjev, andaðist 66 ára að aldri áður en gerð hennar var lokið. Aðalleikurum myndarinnar, Kírill Lavrov, sem leikur Ívan og Mikhaíl Úljanov, sem leikur Dmítrí, er vanalega eignaður heiðurinn af því að hafa tekið leikstjórnina yfir og lokið gerð myndarinnar. Kírill Lavrov er stórt nafn í rússnesku leikhúslífi. Hann hefur verið listrænn stjórnandi leikhúss í Leníngrad og hlotið fjölda viðurkenninga í Sovétríkjunum fyrir störf sín. Hann andaðist 2007, 81 árs að aldri.

Menn eru komnir til Mokroje, til að handtaka Dmítrí Karamazov fyrir að hafa myrt föður sinn, Fjodor Pavlovítsj Karamazov. Grúsjenka segir að sökin sé hennar, hann hafi verið drepinn hennar vegna. Dmítrí lýsir yfir sakleysi sínu, en að hann sé valdur að dauða annars manns, þjónsins Grigoríj. Hann fær hins vegar að vita að Grigoríj lifi. Dmítrí hefur margt á móti sér. Vitað er að hann vildi föður sinn feigan og því er hann færður í fangelsi. Grúsjenka biður hann í angist sinni að muna að hún sé hans og verði alltaf hans. Framundan eru réttarhöld sem allir bræðurnir og konurnar í lífi þeirra dragast inn í. En áður en þau hefjast er einna líkast því að djöfullinn sjálfur hafi komið í heimsókn í sálarkytru hugsuðarins mikla, Ívans Karamazov.

Þriðjudagur 17. sep
 Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 21. sep
 Kl. 16:00

þema:
 Samskipti
 Sovétríkjanna
 og Íslands
 í kvikmyndum
 I



ÍSLENSK SENDINEFND
 MENNTAMANNA Í SSSR
 Stj.: O. Kútúzova
 Sovétríkin, 1954
 FILMA 35mm sk 21:00 mín



FERÐALAG Á ÍSLANDI
 Stj.: Vasilíj Kíselev
 og Lev Maxímov
 Sovétríkin, 1955
 FILMA 35mm sk 26:00 mín



KYNNI AF ÍSLANDI
 Stj.: Júrij Salnikov
 Sovétríkin, 1967
 FILMA 35mm sk 32:00 mín



HEIMSÓKN ÍSLENSKRA
 ALÞINGISMANNA TIL SSSR
 Stj.: K. Eggers
 Sovétríkin, 1969
 FILMA 35mm sk 21:00 mín

Þriðjudagur 24. sep
 Kl. 20:00

Þitt val:
 Alls 101 mín

Laugardagur 28. sep
 Kl. 16:00

**OKTÓBER**

Tíu dagar sem skóku heiminn

SOVÉTRÍKIN, 1928

Sýningartími: 73 mín

Danskir millitextar

NÍTRATFILMA 35mm sk, sv/hv

Sergei M. Eisenstein

Grigorij Aleksandrov

Aðalleikarar: Nikolaj Popov,
Vasílíj NikandrovKvikmyndataka: Eduard Tisse
Sjostakovítsj samdi tónlist við myndina en notast er við aðra tónlist eftir hann á sýningu Kvikmyndasafnsins.

Alþjóðleg velgengni *Beitiskipsins Potemkin*, varð þess valdandi að Sergei M. Eisenstein var fenginn til að stjórna gerð *Októbers* í tilefni af því að 10 ár voru liðin frá því að októberbyltingin var gerð. Gerðar skyldu tvær myndir og V. Púdovkin fengin til að stjórna hinni (sjá síðar). Árásin á Vetrarhöllina er hápunktur myndarinnar en endursköpun hennar árið 1920 varð fyrirmynd kvikmyndarinnar fremur en hinir raunverulegu ómyndrænu atburðir árið 1917. Sagnfræðingar og aðrir hafa stuðst við sviðsetningu myndarinnar í umfjöllun sinni.

Aukamynd**Leníngrad, vagga byltingarinnar**

Farið er um söguslóðir Októberbyltingarinnar í Leníngrad jafnhliða því sem borgin er skoðuð. Íslenskur þulur (S. Khalipov)
FILMA 16mm sk, sv/hv
Sýningartími: 20 mín

Þriðjudagur 1. okt

Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 5. okt

Kl. 16:00

**FARÐU OG SJÁÐU**

Idi í smotri

SOVÉTRÍKIN, 1985

Sýningartími: 136 mín

Enskur neðanmálstexti

FILMA 35mm, litur

Elem Klimov

Aðalleikarar: Aleksej Kravtsjenko, Olga Mironova
Kvikmyndataka: Aleksej Rodionov

Þetta er talin vera ein áhrifamesta kvikmynd, sem gerð hefur verið um grimmdarverk herja fasista í Sovétríkjunum í síðari heimsstyrjöldinni. Myndin gerist á árinu 1943 í Hvíta-Rússlandi sem varð einna verst úti af völdum innrásarherja Þjóðverja. 628 hvítússnesk sveitabörp voru jöfnuð við jörðu og meira en 100 þúsund íbúar þeirra, konur, börn og gamalmenni brennd inni. Kvikmyndin *Farðu og sjáðu* (e. *Come and See*) hlaut margvíslega viðurkenningu og verðlaun á sínum tíma, ma. gullverðlaunin á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Moskvu. Hún var sýnd á kvikmyndahátíð í Reykjavík haustið 1987 í Laugarásbíói.

Þriðjudagur 8. okt

Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 12. okt

Kl. 16:00

**VENJULEGUR****FASISMI**

Obyknovenyj fashism

SOVÉTRÍKIN, 1965

Sýningartími: 138 mín

Enskur þulur

Heimildarmynd

FILMA 35mm, svart/hvít

Mikhaíl RommKvikmyndataka:
German Landrov

Lýst á mjög persónulegan og áhrifamikinn hátt uppgangi og þróun fasismans í Evrópu, valdatöku fasista á Ítalíu, Spáni og Þýskalandi og þeim jarðvegi sem stefna þeirra er sprottin upp úr. Notast er við myndskaið úr gömlum fréttamyndum, m.a. úr persónulegu safni Hitlers. Jafnframt fléttar höfundur inn í verk sitt myndbrotum sem tekin voru í Berlín og Moskvu og víðar á þeim tíma sem kvikmyndin var gerð um miðjan 7. áratuginn. Háð og kímni er beitt í lýsingum á Hitler og samstarfsmönnum hans. Myndin hefur hlotið margs konar viðurkenningu.

Aukamynd**Kafli úr mynd um M. Romm**

Heimildarmynd byggð á segulbandsupptökum með hugleiðingum Romms um líf hans og störf sem hann setur í samhengi við tæknipróun 20. aldarinnar.

Íslenskur þulur (S. Khalipov)
FILMA 16mm sk, sv/hv
Sýningartími: 6:25 mín

Þriðjudagur 15. okt

Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 19. okt

Kl. 16:00

**ZJÚKOV MARSKÁLKUR****Marina Babak**

SOVÉTRÍKIN, 1985

Sýningartími: 83 mín

Enskur þulur

Heimildarmynd

FILMA 35mm, svart/hvít

Handrit: Marina Babak

Aukamynd
Sovétríkin, 1980
Sýningartími: 19:00
Íslenskur þulur
Leikstjóri: K. Stankevítsj
Kvikmyndataka: J. Vdjú

Í kvikmynd þessari segir frá Georgíj Zjúkov, frægasta hershöfðingja Sovétríkjanna í heimsstyrjöldinni síðari. Hann átti hlut að sigri sovéska hersins í orustunni um Moskvu og rak flóttu Þjóðverja vestur á bóginn allt til Berlínar. Kvikmyndin lýsir atburðarásinni frá átökum sem urðu við ána Khalhun-gól í Asíu 1939 að uppgjöf Þjóðverja í Berlín í maí 1945 og sigurhátíð Rauða hersins í Moskvu nokkrum vikum síðar, þegar Zjúkov marskálkur reið hvítum hesti við liðskönnun á Rauða torginu.

Aukamynd:**Vopn þeirra - kvikmyndatökuvélin**

Heimildarmynd þessi er helguð þeim kvikmyndatöku- og fréttamönnum sem féllu við störf sín meðan á umsátri Þjóðverja um Leníngrad 1941-44 stóð (900 daga umsátrið).

Þriðjudagur 22. okt

Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 26. okt

Kl. 16:00

Þema: Teikni- og brúðmyndir



Kvikmyndagerð í Sovétríkjunum var, eins og annar meiri háttar atvinnurekstur, ríkisrekin og þjóðnýtt. Kvikmyndaver hófu störf víða í sambandsríkjunum þegar á fyrstu áratugum Ráðstjórnar, en á árinu 1936 var „Sojuzdetmúltfilm“ stofnað til að fást sérstaklega við gerð teikni- og brúðmynda. Í safni MÍR er mikill fjöldi slíkra mynda, einkum stuttmynda, ýmist 10 eða 20 mínútur að Sýningartími, langflestar á rússnesku og framleiddar í Sojuzmúltfilm á sjöunda og áttunda áratugnum. Kvikmyndasafnið mun sýna nokkrar þessarar mynda auk eldri rússneskra teiknimynda (sjá hér til hliðar). Spannir framleiðslutímabil þeirra um 70 ár eða frá 1912 – 1981.

Löng hefð er fyrir gerð teikni- og brúðmynda í Rússlandi, eins og reyndar fleiri löndum Mið- og Austur-Evrópu. Rússneskir kvikmyndagerðarmenn fengust við gerð teiknimynda strax á fyrstu árum 20. aldar og fyrsta

brúðmyndin sem fullgerð var í heiminum kom fyrir sjónir almennings í Rússlandi árið 1912. Þar voru að verki tveir brautryðjendur í kvikmyndagerð, báðir þegar þáverandi keisaradæmis, þeir **Vladislav Starevítsj** (1882 – 1965) og Aleksandr Khanzhonov (1877 – 1945). Sá fyrrnefndi var pólskur að þjóðerni en stundaði nám í Rússlandi og starfaði í Moskvu fram að byltingu 1917, en fluttist þá til Frakklands og bjó í París til dauðadags. Starevítsj var lærður skordýrafræðingur en jafnframt mikill áhugamaður um ljósmyndun og kvikmyndagerð. Hann langaði ungan að sviðsetja og kvikmynda bjöllur og önnur skordýr í bardagaham. „Ég beið dögum saman eftir tækifæri til kvikmyndunar, en bjöllumar fengust með engu móti til að berjast þegar kastljósin beindust að þeim“. Á árinu 1910 hóf hann tilraunir við gerð stuttmynda með skordýrum, tók kyrrmyndir af þeim og setti saman í hreyfimyndir. Með þessari aðferð varð fyrsta kvikmynd hans til í Rússlandi 1912 og síðan fylgdu margar á eftir. Rússinn Aleksandr Khanzhonkov, aðal samstarfsmaður Starevítsj, setti á stofn fyrsta kvikmyndaverið í Rússlandi árið 1911. Fyrstu brúðmyndir þeirra félaganna voru lengi taldar til sögulegra fyrirbæra á tæknisviði kvikmyndanna.

Eftir Októberbyltinguna 1917 og borgarastyrjöldina sem fylgdi í kjölfarið lá almenn kvikmyndagerð í Rússlandi niðri. Hún hófst ekki að nýju fyrir alvöru fyrir en um miðjan þriðja áratuginn þegar hinn frægi sovéski kvikmyndaleikstjóri Dziga Vertov (1896 – 1945) snéri sér um skeið að gerð teikni- og brúðmynda og fékk til liðs við sig áhugasama og framsækna myndlistamenn.

Á þriðja áratugnum voru nær allar teikni- og brúðmyndir framleiddar til áróðurs fyrir hugsjónir byltingarinnar og hina nýju líffssýn, ólíkt þeim verkum í þessum flokki kvikmynda sem unnar voru á Vesturlöndum og höfðu skemmtanagildið eitt að markmiði. Síðari hluti fjórða áratugs aldarinnar var gróskumikill tími í sovéskri kvikmyndagerð en innrás Þjóðverja í Sovétríkin sumarið 1941 setti strík í reikninginn eins og geta má nærri. Mörg kvikmyndaverin í vesturhluta ríkisins urðu að hætta störfum og önnur fluttu starfsemi sína, tæki og tól, austur á bóginn sem lengst frá vígvöllum. Þannig varð Alma-Ata í Kazakstan um skeið miðstöð sovéskrar kvikmyndagerðar. Eftir lok heimsstyrjaldarinnar síðari reis þjóðlíf í Sovétríkjunum smám saman aftur úr rústum eyðileggingarinnar og þróun og viðgangur teikni- og brúðmyndageirans í kvikmyndagerðinni hélt áfram. Á fyrri hluta sjöunda áratugarins höfðu sovéskar kvikmyndir unnið sér góðan orðstír á alþjóðavettvangi, verk sovéskra kvikmyndagerðarmanna voru sýnd um heim allan og unnu oft til verðlauna og viðurkenningar á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum. Þar voru teikni- og brúðmyndir ekki undanskildar. Með falli Sovétríkjanna og einkavæðingu á öllum sviðum gjörbreyttist grundvöllur rússneskrar kvikmyndagerðar sem og annarra atvinnugreina.



Hefnd kvikmyndatökumannsins (Mest'Kinematografitsjeskogo Operatora)

Fyndin saga af kvikmyndatökumanni sem stendur konu sína að því að halda framhjá sér, þegar hann er að kvikmynda fyrir utan Hótel ástarinnar (Hôtel d'Amour).

Síðasti sótarinn (Poslednij trúbotsjst)

Reykháfum fer fækkandi svo sótarinn finnur sér nýjan starfsvettvang á þökum borgarinnar og fer að setja upp sjónvarpsloftnet.

Fjölskyldumarafon (Semeinij marafon)

Eigin kona marafonhlaupara sinnir heimilisstörfum á milli þess sem hún hleypur mann sinn uppi í marafonkeppni og aðstoðar á allan hátt.

Vasilisa hin fagra (Vasilisa prekrasnaja)

Rússneskt ævintýri um fallegan prins sem leysir allar þrautir og losar prinsessuna úr álagafjötrum froks.

Lukkudýrið (Fetiche Mascotte)

Tuskuhundur lendir í hremmingum við að útvega dóttur eiganda síns appelsínu.



**HEFND KVIKMYNDA-
TÖKUMANNSSINS**
Stj.: Ladislaw Starewicz

Rússland, 1912
FILMA 35mm sk, 13:00 mín



SÍDASTI SÓTARINN
Stj.: Elbert Túganov

Sovétríkin, 1964
FILMA 35mm sk, 10:48 mín



FJÖLSKYLDUMARAÐON
Stj.: Vladimír Dakhno

Sovétríkin, 1981
FILMA 35mm sk, 9:15 mín



VASILISA HIN FAGRA
Stj.: Vladimír Pekar

Sovétríkin, 1977
FILMA 35mm sk, 20:00 mín



LUKKUDÝRIÐ
Stj.: Ladislaw og
frú France Starewicz

Rússland/Frakkland, 1933
FILMA 35mm sk, 26:00 mín

Þriðjudagur 29. okt
Kl. 20:00

Alls 79mín

Laugardagur 2. nóv
Kl. 16:00



FAUST

RÚSSLAND, 2011
Sýningartími: 140 mín
Enskur neðanmálstexti
BLU-RAY, litur

Aleksandr Sokurov

Aðalleikarar: Johannes
Zeiler, Anton Adasinskij,
Isolda Dytsjauk og Sigurður
Skúlason
Kvikmyndataka: Bruno
Delbonnel

Faust Alexandr Sokurovs er ein af mörgum kvikmyndaútgáfum sem gerðar hafa verið upp úr þýsku þjóðsögunni um manninn sem seldi djöflinum sálu sína fyrir þekkingu og gerði samkomulag við hann um ákveðinn frest fram að skuldaskilum. Myndin var að hluta til tekin upp á Íslandi árið 2011. Hún hlaut Gullna ljónið á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum. **Sokurov** (1951) er einn mikilvægasti kvikmyndaleikstjóri Rússlands nú á dögum og hafa myndir hans hlotið margvíslegar viðurkenningar. Hann er þekktastur fyrir leiknu myndir sínar en á að baki um 20 áhugaverðar heimildarmyndir. **Andrei Tarkovsky** studdi hann með ráðum og dáð á sínum tíma.

Þriðjudagur 5. nóv
Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 9. nóv
Kl. 16:00



HEIMILIÐ Dom

RÚSSLAND, 2011
Sýningartími: 127 mín
Enskur neðanmálstexti
HDCAM, litur

Oleg Pogodin

Aðalhlutverk: Sergei
Garmash, Bogdan Stupka og
Jekaterina Rednikova
Kvikmyndataka: Antoine
Vivas Denisov

Þegar Shamanov fjölskyldan kemur til fundar í stóru húsi úti á steppunni gerist það að elsti bróðirinn, Victor, birtist óvænt eftir 25 ára fjarveru. Með komu hans vakna til lífsins gömul átakamál innan fjölskyldunnar. En engan grunar að Victor sé að flýja myrka fortíð og að drápsmenn séu á höttum eftir honum. *Heimilið* var sýnd á kvikmyndahátíðinni í Karlovy Vary árið 2012. Ástæða er til að vekja athygli á frumlegum, hressilegum myndstíl, sem byggir á óvæntum sjónarhornum.

Þriðjudagur 12. nóv
Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 16. nóv
Kl. 16:00



TÚLÍPANI Tulpan

KAZAKHSTAN, 2008
Sýningartími: 100 mín
Enskur neðanmálstexti
DVD, litur

Sergei Dvortsevov

Aðalleikarar: Askhat
Kuchinchirekov, Samal
Jeslyamova og Ondasyn
Besikbasov
Kvikmyndataka:
Jola Dylewska PSC

Asa býr í tjaldbúð á fjarlægri steppu í Kazakhstan með systur sinni Samal, bónda hennar Ondas og þremur börnum þeirra. Hann lætur sig dreyma um að verða hirðingi með sína eigin hjörð og fjölskyldu en áður verður hann að finna sér kvonfang. Asa vonast til að geta giftast Tulpan, dóttur nágranna fjölskyldu og einu konunni sem er gjafvaxta í hundrað mílna radius. Foreldrar hennar hafa hins vegar lítinn áhuga á að gifta dóttur sína atvinnulausum ónyttungi með ótrygga framtíð og það sem verra er, Tulpan virðist heldur ekki vera ýkja áhugasöm. Vinur Asa, Boni, styður hann á alla lund, en vill sjálfur komast burt í þéttbýlið. Myndin hefur unnið til alþjóðlegra verðlauna.

Þriðjudagur 19. nóv
Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 23. nóv
Kl. 16:00



ÓFULLGERT VERK FYRIR SJÁLFPILANDI PÍANÓ

Nikita Mikhalkov

SOVÉTRÍKIN, 1977
Sýningartími: 103 mín
Enskur neðanmálstexti
FILMA 35mm, litur

Aðalleikarar: Aleksandr Kaljagin, Elena Solovey, Jevgeníja Glushenko
Kvikmyndataka: Pavel Lebeshev

þema: Ballettinn í sovétskum kvikmyndum



Á meðan Sovétríkin voru og hétu streymdi almenningur úr öllum þjóðfélagsstigum á ballettsýningar þvers og kruss um ríkjasambandið andstætt því sem gerðist á Vesturlöndum. Engin önnur sviðslistgrein hafði annan eins meðbyr og ballettinn í Sovét-Rússlandi. Sagt er að liður í því að viðhalda Bolshoi leikhúsinu eftir byltinguna hafi verið að útbýta ókeypiss aðgöngumiðum til verksmiðju- og skrifstofuverkafólks sem og til hermanna þannig að á árunum 1919 – 20 hafði 85% áhorfenda frían aðgang að leikhúsinu, fólk sem ekki hafði látið sig dreyma um að sitja þar í dýrðinni, sem yfirstéttin ein hafði haft aðgang að fram að þessu. Í stað þess að ballettheimurinn yrði byltingunni að bráð þá varð hann henni til framdráttar og öfugt.

Þegar menn sáu mikilvægi þess að efla menningartengslin á milli austurs og vesturs í miðju kalda stríðinu sem mótvægi við vígbúnaðarkapphlaup og vænlegri leið til að stuðla að friði þá átti ballettlistin eftir að gegna þar lykilhlutverki. Tungumál ballettsins var jú alþjóðlegt. En það þýddi ekki að þjóðirnar sigldu lyngnan sjó gegnum menningarmúrinn sem hlaðist hafði upp á milli þeirra. Þær vildu sýna hvað í þeim bjó á lista- og tæknisviðinu. Og þar voru ballettflokkar Bolshoi í Moskvu og Kirov í Leníngrad fremstir í flokki. Þá reyndi ekki bara á hinar goðsögulegu stjórnur eins og **Ulanovu** og **Plisetskaju** sem og Barishnykov og Nurejev á leiksviðinu. Þessir listamenn þurftu að tjá sig í fjölmiðlum og standast margvíslegar freistingar eins og þær að hoppa ekki af skipinu og setjast að fyrir vestan. Það gerðist að vísu og vakti auðvitað mikla athygli en það heyrði til undantekninga. Tími gagnkvæmra kynna og virðingar var að hefjast. Ballettflokkar að vestan, sem höfðu annars konar nálgun í list sinni, fóru austur og urðu fyrir áhrifum af því sem þeir sáu þar. Það kallaði á endurskoðun á áróðursmynd vestursins.

Þegar tveir menningarheimar mætast hljóta þeir hver um sig að hampa sínu. Í því samhengi skilst sá kraftur sem býr að baki ballettmyndunum sem Kvikmyndasafnið sýnir á dagskrá Rússneska vetrarins í Hafnarfirði. Við byrjum á sitthvörri kvikmyndinni um goðsagnarverurnar tvær Ulanovu og Plisetskaju og látum aukamynd sem sýnir **Helga Tómasson** í fyrstu alþjóðlegu ballettkeppninni í Moskvu árið 1969 vera fulltrúa karldansaranna. Síðan sýnum við *Spartakus* sem sviðsettur er gagngert með kvikmyndagerð í huga og það sama á að nokkru leyti við um *Ívan grimma*. Tónlistin við *Spartakus* er eftir Aram Khatsjaturjan en tónlistin í *Ívani grimma* er sött í samnefnda kvikmynd Eisensteins sem **Prokofiev** samdi. Menningartengslasprotar frá báðum þessum verkum ná hingað heim. Árið 1951 gekkst þáverandi MÍR, Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, fyrir því að fá **Khatsjaturjan** hingað í heimsókn einu ári eftir stofnun félagsins. Og aðaldansarar úr báðum myndum komu til landsins og dönsuðu í Þjóðleikhúsinu.

Platónov eftir Anton Tsjekhov liggur til grundvallar myndinni en viðfangsefnið er, eins og í mörgum verkum Tsjekhovs, örvænting og tilgangsleysi í lífi rússneskrar millistéttar um aldamótin 1900. Fjölskylda og vinir Önnu Petrovnu koma saman á sveitasetri ekkjunnar. Undir stofuleikjum og innantómu tali um réttindi kvenna og getu bændastéttarinnar vakna ástir þeirra Sofíu og Mísja á ný. En eru þau tilbúin að hlaupast á brott frá fjölskyldu og vinum til að láta gamla drauma rætast? Myndin skartar stjórnun á borð við Aleksandr Kaljagin en þetta er það hlutverk sem hann er þekktastur fyrir. Rússnesk-ameríska leikkonan Jelena Solovey er einnig þekktust fyrir þær myndir sem hún lék í undir stjórn Nikita Mikhalkov.

Þriðjudagur 26. nóv

Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 30. nóv

Kl. 16:00



Ulanova



Plisetskaja



Helgi Tómasson



GALINA ULANOVA
SOVÉTRÍKIN, 1963
Sýningartími: 50 mín
FILMA 35mm, svart/hvít
Enskur þulur

MAJA PLISETSKAJA
SOVÉTRÍKIN, 1964
Sýningartími: 65 mín
FILMA 35mm, svart/hvít
Enskur þulur

L. Kristyj & M. Slavinskaja

Kvikmyndataka:
A. Khavtsjín

V. Katanjan

Kvikmyndataka:
A. Khavtsjín

Galina Ulanova og Maja Plisetskaja eru tvær af þekktustu ballerínunum Rússlands og einar af bestu ballettdönsurum 20. aldarinnar. Þær gegndu báðar stöðu *prima ballerina assoluta* við Bolshoj ballettinn í Moskvu. Hér gefst áhorfendum tækifæri til að kynna lífi og starfi þessara frábæru listamanna í gegnum upptökur af sýningum og svipmyndir úr daglegu lífi dansaranna. Einnig eru viðtöl við ballerínurnar sjálfar og hina ýmsu samstarfsmenn þeirra. Sami tókumaður A. Khavtsjín, kvikmyndaði báðar myndirnar.

Aukamynd:
Helgi Tómasson

Aukamyndin Helgi Tómasson geymir stuttan kafla úr kvikmynd um fyrstu Alþjóða ballettkeppnina í Moskvu árið 1969. Þar hafnaði Helgi í öðru sæti á eftir Mikhail Baryshnikov sem talinn er einn besti ballettdansari allra tíma.
Sýningartími: 2 mín

Þriðjudagur 3. des
Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 7. des
Kl. 16:00



SPARTAKUS

SOVÉTRÍKIN 1977
Sýningartími: 95 mín
Útg. efnisúrdráttur á íslensku
FILMA 35mm, litur

Vadim Derbenjov og Júrij Grigorovítsj

Aðaldansarar: Vladimir Vasilev og Maris Liepa
Kvikmyndataka: Vadim Derbenjov
Tónlist: Aram Khatsjaturjan

Hinn margrómaði rússneski dansari, danshöfundur og fyrrverandi stjórnandi Bolshoi ballettsins í Moskvu, Júrij Grigorovítsj, samdi þennan ballett við tónlist Arams Khatsjaturjans. Sagan fjallar um vitundarvakningu bardagaþrælsins Spartakusar og konu hans Frygiu. Spartakus safnar liði og leiðir þrælauppreisnina gegn hershöfðingjanum Krassusi og ofríki hans. Þrátt fyrir hetjulega baráttu verður hann að lokum að lúta í lægra haldi fyrir ofurefli rómverska hersins.

Þriðjudagur 10. des
Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 14. des
Kl. 16:00



ÍVAN GRIMMI

SOVÉTRÍKIN, 1976
Sýningartími: 91 mín
Útg. efnisúrdráttur á íslensku
FILMA 35mm, litur

Vadim Derbenjov og Júrij Grigorovítsj

Aðaldansarar: Júrij Vladimirov, Boris Akimov
Kvikmyndataka: Vadim Derbenjov
Tónlist: Sergei Prokofiev

Júrij Grigorovítsj er sömuleiðis danshöfundur ballettsins *Ivan grimmi* en tónlistina vann tónskáldið Mikhaíl Tsjulaki upp úr tónlist samnefndrar kvikmyndarinnar eftir Sergei M. Eisenstein. Ballettmynd þessi segir frá lífi Ívans grimma, sem uppi var á 16. öld og varð fyrstur til að verða krýndur keisari alls Rússlands, og hatrammegri baráttu hans við valdagraðuga aðalsmenn.

Þriðjudagur 17. des
Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 21. des
Kl. 16:00



ÁSTARSAGA ÚR STRÍÐINU

SOVÉTRÍKIN, 1983
Sýningartími: 92 mín
Enskur neðanmálstexti
FILMA 35mm, litur

Pjotr Todorovskj

Aðalhlutverk: Nikolaj Burljaev, Natalja Andreitsjenko
Kvikmyndataka: Valeri Blinov

Ungur hermaður hrífst af ungrri konu herforingja á vígstöðvunum. Nokkrum árum eftir stríðslok rekst hann á konuna af tilviljun úti á fönnum vegi og þau endurvekja kynni sín. Hún er þá orðin ekkja og hefur fyrir dóttur að sjá. Hann reynir að hjálpa henni en er giftur og eiginkonan ekki skilningsrík í garð ekkjunnar.

Þriðjudagur 14. jan
Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 18. jan
Kl. 16:00



BRAUTARSTÖÐ FYRIR TVO

Vokzal dlya dvoikh

SOVÉTRÍKIN, 1982
 Sýningartími: 141 mín
 Ensukur neðanmálstexti
 FILMA 35mm, litur

Eldar Rjzanov

Aðalleikarar: Ljúdmila Gúrtsjenko, Oleg Bashilasvhili
Kvikmyndadaka: Vadim Alisov

Píanóleikarinn Platon Rjabinin er á ferðalagi með lest til bæjarins Griboedov til að heimsækja föður sinn. Hann fer úr lestinni á Zastupinsk brautarstöðinni til að fá sér hádegisverð meðan á 20 mínútna stoppi stendur. Þarna hittir hann framreiðslustúlkuna Veru, sem hann neitar að borga af því að maturinn, sem hann hefur ekki snert, er svo vondur. Fyrir vikið missir hann af lestinni eftir að kærastí Veru og lögreglan blandar sér í málið. Vandræðin hrannast upp en í ljós kemur að hann á yfir höfði sér dóm fyrir atvik sem hann er saklaus af. En þá daga sem hann er strandaglópur gerist eitthvað á milli þeirra Veru.

Þriðjudagur 21. jan
Kl. 20:00

Þitt val!

Laugardagur 25. jan
Kl. 16:00

Þema: Samskipti Sovétríkjanna og Íslands í kvikmyndum II

Önnur syrpan sem tengir saman Ísland og Sovétríkin í kvikmyndum hefur að geyma þrjár myndir frá 1974 og tvær frá árunum 1986 - 87. Kvikmyndin *Niðjar Ingólfs* með útgangspunkt í afmæli 1100 ára Íslandsbyggðar, sem haldið var upp á árið 1974, leitast við að lýsa landi og þjóð á þessum tímamótum og samskiptum Sovétríkjanna og Íslands. Fulltrúum MÍR sést bregða fyrir í myndinni.

MÍR kemur einnig við sögu í næstu mynd sem lýsir ferð Íslendinga til Moskvu. Syrpunni lýkur á leiðtogafundi Gorbatsjovs og Reagans í Höfða 1986 og heimsókn Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra til Moskvu ári síðar.

Þjóðhátíðarkafinn á Þingvöllum í *Niðjum Ingólfs* varð til þess að haft var samband við **Gísli Gestsson** (Veidiferðin (1980)) til að innna hann eftir afdrifum kvikmyndaefnis sem hann hafði tekið á CinemaScope 35mm filmu á þessari hátíð. Það kom á daginn að fjármögnunin hafði brugðist á síðustu stundu en Gísli ekki verið tilbúinn að gefa áform sín upp á bátinn eftir að hafa pantað til landsins upptökutæki og filmur. Því hafi hann á eigin kostnað tekið svipmyndir á hátíðinni og einnig vítt og breitt um landið. Honum tókst að fá efnið framkallað en síðan ekki söguna meir. Nema hvað hann sýndi formanni og framkvæmdastjóra hátíðarnefndarinnar óklippt efnið í Laugarásbíói og nokkru síðar vini sínum **Ridley Scott** sem þá var kominn til landsins að athuga með tókustaði fyrir fyrirhugaða kvikmynd um Tristan og Isolde. Kannski er samhengi á milli Tristans og Promotheusar Scotts, sem kvikmyndað var á Íslandi 2012, sem og fyrirhugaðrar framleiðslu Scotts á bíómynd um leiðtogafundinn í Reykjavík 1986.

Gísli gerði nú átak í að finna þjóðhátíðarfilmur sínar. Fyrst komu litlausar vinnukópiur í leitirnar en síðan negatífurar sem höfðu varðveitt í sér litinn. Þær voru skannaðar, efnið klippt og útbúið til sýningar eins og um þögla mynd væri að ræða með millitextum og píanótónlist. Preludíur Sjostakovítsj urðu fyrir valinu, leiknar af Tatjõnu Nikolajevu sem svo skemmtilega vill til að kom til Íslands fyrir löngu að leika á tónleikum í boði MÍR. Hér verður því um einskonar **frumsýningu** að ræða. Til að hnýta endahnúttinn á þessa sérkennilegu atburðarás þá upplýsti Gísli að hann hefði ungur búíð í nágrenni við MÍR salinn í Þinghóltsstræti 27 og oftsinnis sótt þangað kvikmyndasýningar með þeim afleiðingum að hann smitaðist af kvikmyndabakteríunni og hefur ekki læknað af henni síðan.



NIÐJAR INGÓLFS
 Stj.: Ívan Galín

Sovétríkin, 1975
 FILMA 35mm sk, 19:30 mín



ÞJÓÐHÁTÍÐ Á ÞINGVÖLLUM 1974
 Stj.: Gísli Gestsson

Ísland, 1974
 FILMA 35mm sk, 12:30 mín



ÍSLENDINGAR Í MOSKVU
 Stj.: Ópekkur

Sovétríkin, 1974
 FILMA 35mm sk, 11:50 mín



ERFIÐAR VIÐRÆÐUR Í REYKJAVÍK
 Stj.: V. Kononov

Sovétríkin, 1986
 FILMA 35mm sk, 27:50 mín



STEINGRÍMUR HERMANNSSON Í MOSKVU
 Stj.: N. Solovjova

Sovétríkin, 1987
 FILMA 35mm sk, 16:00 mín

Þriðjudagur 28. jan
Kl. 20:00

Þitt val!
Alls 88 mín

Laugardagur 1. feb
Kl. 16:00

Þema: Eisenstein, Púdvokin, Tarkovsky sígildir



Andrei Tarkovsky (1932–1986) er án vafa stærsta höfundarnafnið í rússneskri kvikmyndagerð frá því að Eisenstein var á dögum. Sumir kvikmyndaunnendur vilja jafnvel halda því fram að hann sé sá alfrumlegasti í hópi kvikmyndagerðarmanna tuttugustu aldar. Hann er þekktur fyrir ljóðrænar og að sama skapi sjónrænar kvikmyndir, sem ná að fanga straum tímans í löngum tókum og keyrsluskotum og raunheiminn í myndum sem hafa að geyma mikla fegurð. Mestan part starfsævinnar voru myndir hans rómaðar erlendis en áttu erfiðar uppráttar heima fyrir. Tarkovsky náði einungis að gera 7 leiknar

kvikmyndir í fullri Sýningartími. Fyrst í röðinni var verðlaunamyndin *Æska Ívans* (1962) sem fjallar um munaðarleysingja í heimsstyrjöldinni síðari. Næst kom *Andrei Rubljov* (1965), sem fjallar um samnefndan rússneskan 15. aldar helgimyndamálara og skóp honum alþjóðlega frægð. Því næst *Solaris* (1972) þá *Spegillinn* (1975) og *Stalker* (1979). *Stalker* er vísindaskáldsögumynd sem gerist í framandi landi. Hún er af mörgum talinn hans besta verk og var síðasta myndin sem hann gerði í Sovétríkjunum. Seinna gerði hann *Nostalgiu* (1983) á Ítalíu og bjó upp frá því vestan megin jánrtjalds. *Fórinn* (1986) kom síðust og var kvikmynduð í Svíþjóð. Íslendingurinn **Guðrún S. Gísladóttir** lék í henni.

Ástæðan fyrir því að myndir Tarkovskys hafa ekki verið hafðar í eins miklum í hávegum eins og kvikmyndir margra samtímamanna hans gæti verið sú hversu afstrakt og ítarlegar þær eru og af þeim sökum er sagt að þær komi næst skýrgreiningunni á því hvað sé list. Þær séu þess vegna efniviður í ritgerðir um frumspeki, raunhyggju, tilvistarstefnu, guðfræði. Tarkovsky náði slíkum tókum á tíma og rúmi í kvikmyndaheimi sínum að honum tókst að tjá hið ósegjanlega enda eru kvikmyndir hans nátengdar ljóðinu. Eins og allir miklir listamenn stefndi Tarkovsky ætíð að fullkomnun. Ósveigjanlegur metnaður hans og óhaggaðleg áráðni gerði hann afdráttarlausan og óþolinmóðan. En hann jafnaði þessa ágalla út með óendanlegri þolinmæði, staðfestu og þrautseigju. Ingmar Bergman sagði um Tarkovsky að „þegar kvikmynd er ekki heimild, þá er hún draumur. Þess vegna er Tarkovsky mestur allra kvikmyndahöfunda. Hann ferðast um á svo eðlilegan hátt í vistarverum draumsins. Hann útskýrir ekki. Hvað ætti hann svo sem að útskýra? Hann er áhorfandi, fær um að sviðsetja sýnir sínar á snúinn hátt en sem fer miðlinum svo vel“. Þegar fulltrúi upptökuvers fann að því við Tarkovsky hve byrjunin í *Stalker* væri hæg svaraði hann því til að það væri til þess eins gert að þeir sem hefðu villst inn í vitlaust bíó hefðu tíma til að yfirgefa salinn áður en aðalatburðarásin færi í gang. Stúdíómaðurinn sagðist þá einungis hafa verið að hugsa um sjónarmið áhorfandans. Þá svaraði Tarkovsky að hann hefði einungis áhuga á sjónarmiðum tveggja áhorfenda: „Annar hétí Bresson, hinn Bergman“.

Gagnrýnandinn Murtaza Ali, sem stuðst hefur verið við í þessari samantekt, setur *Solaris* efst á lista yfir bestu myndir Tarkovskys og segir að Hollywood hafi reynt að endurgera hana en hafi misreiknað sig hráparlega „því það sé ekki hægt að endurbæta það sem er fullkomið“. En bætir síðan við að það að horfa á *Solaris* sé mesta áskorunin sem kvikmyndaáhorfandi geti staðið frammi fyrir. En haldi hann hana út verða launin margföld. Annar gagnrýnandi sýnir fram á með athyglisverðum rökum að málverk **Leonardo da Vincis**, *Gjafir vitringanna*, liggja til grundvallar *Fórinni* og að yfirfærsla málverksins yfir í kvikmyndaform sé hugsuð þematískt. *Fórinn* verður þannig persónuleg túlkun leikstjórans á vestrænni menningu 500 árum eftir að vitringamálverkið var málað.



Vitringarnir frá Austurlöndum



Atriði úr Fórninni (1986)



Guðrún S. Gísladóttir



Solaris (1972)


**EINN MÖGULEIKI
AF ÞÚSUND**

SOVÉTRÍKIN, 1969
Sýningartími: 81 mín
Enskt tal (talsett)
FILMA 35mm, litur

Leonid Kotsarjan
Handrit: Andrei Tarkovsky

Aðalhlutverk: Aleksandr
Fadejev, Nikolaj Grinko
Kvikmyndataka: Vadim
Avloshenko

Kvikmyndin lýsir spaugilegum atburðum sem áttu sér stað á Krímskaga á hernámsárum Þjóðverja í heimstýrjöldinni síðari. Rússar hugðust stela skjölum frá andstæðingum sínum og brugðu á kostuleg ráð. Andrei Tarkovsky var ráðgefandi bæði við handritsgerð myndarinnar auk þess að vera listrænn stjórnandi hennar. Leikaravalið ber þess vitni því Nikolaj Grinko, sem lék í öllum kvikmyndum Tarkovskys sem hann gerði í Rússlandi, er þarna í einu aðalhlutverkanna. Samstarf þeirra náði allt aftur til myndarinnar *Æska Ívans* (1962). Anatolí Solonitsyn er í litlu hlutverki en hann er einkum þekktur á Vesturlöndum fyrir leik sinn í myndum Tarkovskys. Báðir léku í *Solaris* sem verður á dagskrá safnsins síðar í mánuðinum.

Þriðjudagur 4. feb
Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 8. feb
Kl. 16:00


Sergei LAZO

SOVÉTRÍKIN, 1968
Sýningartími: 88 mín
Enskur neðanmálstexti
FILMA 16mm sk, svart/hvít

Aleksandr Gordon
Handrit: Andrei Tarkovsky

Aðalhlutverk: Regimantas
Adomaitis, Júri Dubrovin og
Tatjana Makhova
Kvikmyndataka: Vadim
Jakovlev

Sergei Lazo, sem einnig gengur undir heitinu *Samsærið við Vladivostok*, fjallar um Sergey Lazo sem varð einn af helstu leiðtogum hers bolsévika í byltingunni 1917. Hann barðist síðan í Síberíu gegn innrásarherjum. Í janúar 1920 lögðu bolsévikar Vladivostok undir sig en í apríl það sama ár hvarf Lazo og er talið að hvítlíðar, Japanir og Kósakkar, hafi drepið hann. Á áhrifamikinn hátt rekur myndin helstu atburði þessa tímabils í lífi hans. Í Austur-Síberíu eru algeng staðarheiti nefnd í höfuðið á Lazo t.d. Lazovski-sýsla og um nokkurra áratuga skeið hét borgin Singerei í Moldavíu, fæðingarlandi hans, Lazovsk. Andrei Tarkovsky skrifaði við annan mann handritið að myndinni og ef vel er að gáð má sjá hann í litlu hlutverki sem liðsforingjann Botsjkarev.

Þriðjudagur 11. feb
Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 15. feb
Kl. 16:00


FÓRNIN

SVÍÐJÓÐ 1986
Sýningartími: 145 mín
Enskur neðanmálstexti
FILMA 35mm, litur

Andrei Tarkovsky

Aðalhlutverk: Erland
Josephson, Susan Fleetwood,
Allan Edwall og Guðrún
Gísladóttir
Kvikmyndataka: Sven Nykvist

Í morgunsár „þriðju heimsstyrjaldarinnar“ leitar maður nokkur leiða til að koma á friði í heiminum en uppgötvar að hann verður að láta eitthvað af hendi í staðinn. Dan Schneider skrifar: „Að horfa á lokaverk Tarkovskys, *Fórnina*, er prófraun í kvikmyndáhorfi. Ekki vegna þess að *Fórnin* sé stórbrotinn kvikmynd, heldur vegna þess að hún er með stór augnablik samofin hreinum leiðindum“. Í rauninni sé *Fórnin* ein þessara sjaldgæfu kvikmynda sem skautar á milli þess sem er gott og slæmt í þessu listformi. Engu að síður er hún vel þess virði að horft sé á hana. Það kemur þá kannski í ljós hvort það sé rétt sem sagt hefur verið um tengsl efnisins við málverk **Leonardo da Vincis** Gjafir vitringanna.

Þriðjudagur 18. feb
Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 22. feb
Kl. 16:00


SOLARIS

SOVÉTRÍKIN, 1972
Sýningartími: 115 mín
Enskt tal (talsett og stýtt útg.)
FILMA 35mm, litur

Andrei Tarkovsky

Aðalhlutverk: Natalja
Bondartsjúk, Donatas
Banionis og Júri Järvet
Kvikmyndataka: Vadim Jusov
Tónlist: Johann Sebastian
Bach og Eduard Artemjev

Solaris er íhugult sálfræðidrama sem gerist að mestu um borð í geimstöð á braut umhverfis hina uppdiktuðu plánetu Solaris. Það hefur fjarað undan vísindaleiðangrinum vegna þess að þrír leiðangursmanna eiga í tilfinningalegri krísu. Sálfræðingurinn Kris Kelvin ferðast til Solaris geimstöðvarinnar til að leggja mat á ástandið einungis til að standa frammi fyrir sama dularfulla fyrirbærinu og hinir um borð. Líkt og í *Fórninni* þá tekur *Solaris* mið af málverkum en að þessu sinni eftir **Pieter Bruegel**. *Solaris* vann til verðlauna í Cannes 1972 og er oft sögð ein af mikilfenglegustu vísindaskáldsögumyndum í sögu kvikmyndatökunnar.

Þriðjudagur 25. feb
Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 1. mar
Kl. 16:00

Þema: Ólympíukvikmyndir



Snar þáttur í mynd Sovétríkjanna á tímum kalda stríðsins var árangur þeirra í íþróttum, ekki síst á erlendum vettvangi. Það lá því beint við að Ólympíuleikar yrðu haldnir í Moskvu og kom að því árið 1980. En það gastaði að þessum leikum sem aldrei fyrr vegna þess að Bandaríkin og fleiri þjóðir féllu frá þátttöku vegna andstöðu sinnar við innrás Sovétríkjanna í Afganistan 1979. Aldrei í sögu Ólympíuleikanna höfðu jafnmargar þjóðir afboðað þátttöku eða um 60 talsins. Eftir sem áður tóku um 5000 íþróttamenn frá 81 einu landi þátt í leikunum.

Það er merkileg þversögn sem fylgir Ólympíuleikum að þeir eru í sjálfu sér friðarhátið, þar sem þjóðir heims sameinast í göfugri íþróttakeppni og allir beygja sig glaðir undir reglur íþróttarinnar, en á sama tíma snúast þeir

einlægt upp í áróðursvettvang, einkum fyrir landið sem heldur leikana, en einnig að einhverju leyti fyrir þátttökupjóðirnar líka, sérstaklega stórveldin sem hafa á heimsklassa íþróttamönnum að skipa.

Sovétmenn létu gera áhrifamikla heimildarmynd í fullri Sýningartími af leikunum í Moskvu eins og þeirra var von og vísa, þjóðin sem hefur haft þann sið í hávegum að láta skrásetja atburði líðandi stundar á filmu allt frá því að Lenín lýsti yfir mikilvægi kvikmyndarinnar fyrir samfélagið. Þessi kvikmynd, sem nefnist að sjálfsögðu *Íþróttir og friður*, verður fyrst á dagskrá Rússneska vetrarins undir þemaheitinu Ólympíukvikmyndir en í kjölfarið sýnum við tvær frægustu og áhrifamestu Ólympíumyndir allra tíma: *Olympia* í tveimur hlutum eftir Leni Riefensthal og *Tokyo Olympiad* eftir meistarana Kon Ichikawa. Báðar á splunkunýjum 35mm sýningareintökum frá kvikmyndasafni Alþjóða Ólympíunefndarinnar. Þar eru í forsvari þeir **Robert Jaquier** og **Adrian Wood**, sem eru að vinna stórmerkilegt starf á sviði varðveislu Ólympíukvikmynda. Það er Kvikmyndasafni Íslands mikið ánægjuefni að geta fyrir atbeina þeirra boðið upp á sýningar þessara tveggja meistaraverka í samhengi við rússnesku Ólympíumyndina sem safnið varðveitir sjálft en fær einnig að láni frá Ólympíunefndinni. Svo skemmtilega vildi til, þegar haft var samband við Robert Jaquier sem annast kvikmyndasafn Ólympíunefndarinnar, að hann hafði verið á síðasta þingi Alþjóða kvikmyndasafnsambandsins (FIAPF) í Barcelona í apríl s.l. að kynna nýja uppgerð á Ólympíumynd Ichikawas um Tokyoleikana 1964. Sú mynd hefur verið ófáanleg fram til þessa. Hann var jafnframt að undirbúa þátttöku þessarar myndar ásamt Ólympíumynd Leni Riefensthal í Alþjóða kvikmyndahátíðinni í Moskvu í júní s.l. undir þemanu Ólympíumyndir. Ólympíunefndin lét gera upp Olympíu Riefensthal árið 2008 en nýja eintakið hafði ekki verið sýnt opinberlega fyrr en á hátíðinni í Moskvu s.l. sumar. Sú stefna Ólympíunefndarinnar að leysa til sín sýninga- og umráðarétt yfir Ólympíukvikmyndum er athyglisverð fyrir kvikmyndasöfn og þá ekki síst Kvikmyndasafni Íslands. Ólympíumyndum frá upphafi er safnað markvisst og þær síðan teknar í gjörgæslu. Þannig tryggir nefndin að kvikmyndir í þessum flokki, sem að öðru jöfnu nyttu ekki forgangs í kvikmyndasöfnum, eru gerðar upp og ekkert til sparad svo að endurgerðin verði sem allra best úr garði gerð. Nefndin gefur síðan kvikmyndasöfnum og öðrum sambærilegum aðilum færi á að fá myndir hennar til sýningar að uppfylltum skilyrðum eins og þeim að 35mm sýningareintök skuli sýnd af tveimur 35mm sýningavélum. „Enga plattavélasýningar“, skrifaði Robert Jaquier í skeyti til Kvikmyndasafnsins. En Robert og Adrian eru með báða fætur í nútímanum og ganga einnig frá Ólympíumyndum sínum í DCP stafrænu formi fyrir sýningar í nútíma kvikmyndahúsum. Þetta er áhugaverð lexía fyrir fjárvana kvikmyndasöfn og vekur upp þá hugmynd að aðilar í samfélaginu sem hafa hag af því að tilteknum kvikmyndum sé sinnt, bæði á sviði varðveislu og skráningar, horfi til Alþjóða Ólympíunefndarinnar sem fyrirmyndar og taki kvikmyndir sem þeir láta sig varða í gjörgæslu á sviði skráningar, endurgerðar og miðlunar í samstarfi við Kvikmyndasafni Íslands. Í þessu sambandi mætti nefna ÍSÍ, samtök landbúnaðar og sjávarútvegs sem og sveitarfélög.



Þema: Samskipti Sovétríkjanna og í Íslands III • Magnús Jónsson

Magnús Jónsson, kvikmyndagerðarmaður og leikstjóri (1938 – 1979), er þungamiðja þriðju syrpu Rússneska vetrarins um samskipti Sovétríkjanna og Íslands í kvikmyndum. Magnús er fyrsti Íslendingurinn sem fór til náms í kvikmyndagerð í Sovétríkjunum en aðrir sem fylgdu fljótlega í kjölfar Magnúsar voru Ingibjörg Haraldsdóttir, skáld og þýðandi, og Haraldur Friðriksson, kvikmyndatökumaður. Magnús lagði áherslu á heimildarmyndagerð og komst í læri hjá frægum meistara á því sviði, Roman Karmen (1906 – 1978). Karmen þessi, sem var bæði stríðskvikmyndatökumaður og leikstjóri, er sagður hafa verið áhrifamesti heimildarmyndagerðarmaður Sovétríkjanna um sína daga og honum stundum jafnað við Leni Riefensthal þegar fjallað var um áhrifamátt mynda hans. Magnús lauk námi sínu árið 1965 og hafði þá kynnst fyrri konu sinni Alexöndru Kjuregej, sovéskri leikkonu frá Síberíu, og eignuðust þau fjögur börn, þeirra á meðal Ara Alexander Ergis, kvikmyndagerðarmann. Seinni kona Magnúsar var Renata Kristjánsdóttir frá Akureyri.

Að námi loknu vann Magnús að kvikmyndagerð og leikstjórn í Reykjavík og skrifaði fyrstu meiri háttar verk sín, *Leikritið um fjárlst framtak Steinars Ólafssonar í veröldinni*, *Eg er aft minn* og *Skeggjaður engill*. Hann spreytti sig einnig á blaðamennsku og ritstjórn og vann t.d. um skeið á Þjóðviljanum og átti þátt í endurreisn Spegilsins. Hann náði að gera tvær kvikmyndir hér heima áður en hann andaðist langt fyrir aldur fram, aðeins 41 árs gamall. Þetta eru myndirnar *240 fiskar fyrir kú* (1972) og *Ern eftir aldri* (1975). Sú fyrri er gerð í tilefni af útfærslu landhelginnar í 50 mílur og fjallar um það hve lífsafkoma Íslendinga er háð fiskveiðum og verndun fiskimiðanna í kringum landið. Ernst Kettler tók myndina og Jón Múli Arnason er þulur. Myndin hefur m.a. að geyma teiknimyndakafla sem sýnir glöggt skopskyn Magnúsar. Myndin var innlegg í landhelgisdeiluna og var sýnd víða hérlendis og einnig erlendis í enski útgáfu. Í þrjár vikur var hún aukamynd í Laugarásbíói. Hún var frumsýnd í sjónvarpinu í mars árið 1974. Skopíð er heldur ekki langt undan í seinni myndinni, *Ern eftir aldrei*, sem skírskotar til ástands þjóðarlíkamans á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar og tengist þannig fyrri sýningum Rússneska vetrarins af þessum sömu þjóðhátíðarhöldum. Um 30 árum seinna var samið samnefnt dansleikhúsvark, sem var innblásið af mynd Magnúsar og sýnt á stóra sviði Þjóðleikhússins. *Ern eftir aldri* byrjar á þjóðhátíðinni 1974 en spurning myndarinnar, sem fleytir henni í ýmsar áttir, er þessi: Hver er þessi þjóð og hvað sameinar hana? Ýmsir eru spurðir og svörin jafnmörg og viðmælendur. **Bryndís Schram** birtist sem Fjallkona Íslands og mynd þjóðarlíkamans og rómur ágæti hans á meðan **Böðvar Guðmúndsson** syngur háðsvísir um ágæti ameríska hersins, verndarann. *Ern eftir aldri* var gerð með sjónvarpsýningu í huga en var með hvasstri, skoplegri ádeilu. **Þorsteinn Jónsson, kvikmyndagerðarmaður**, átti samtalið við Magnús eftir frumsýningu myndarinnar í Laugarásbíói. Í umsögn sinni um myndina á undan samtalinu skrifar Þorsteinn um kosti hennar. Hún sé „líkleg til að vekja efasemdir hjá mörgu fólki um títtnefnd hátíðarhöld og innihald þeirra. Auk þess er hún ágæt skemmtun á köflum og hugmyndin skemmtileg. Mest er þó um vert að hún er mótvægi við hina hefðbundnu hól- og blablaaðferð í íslenskum kvikmyndum og sjónvarpi“. Fram kemur að Magnús hafi tekið að sér að gera tvær myndir fyrir sjónvarpið, aðra skv. hugmynd þess en hina skv. eigin hugmynd. Sú mynd, sem fékk titilinn *Ern eftir aldri*, hafi hins vegar ekki fengist sýnd í sjónvarpinu þegar til átti að taka. Þetta var á þeim árum þegar ekki blés byrlega fyrir þróun íslenskrar kvikmyndagerðar. Fram kemur í samtalinu að Magnús telur að tvennt þurfi að koma til henni til bjargar: Stofna þurfi **kvikmyndasjóð** og skipta út yfirstjórn sjónvarpsins.

Upp frá þessu gaf Magnús sig að leiklist og ræðist til starfa hjá Leikfélagi Akureyrar, þar sem hann varð fyrsti leikstjóri félagsins eftir að það varð atvinnuleikhús. Tveimur árum síðar söðlaði hann um og fór að nema sálfræði við Háskóla Íslands og hélt síðan til framhaldsnáms vestur til Bandaríkjanna. Þegar hann átti aðeins herslumun eftir til að geta lokið náminu fékk hann hjartaslag og andaðist aðeins 41 árs gamall. Hann hafði skömmu áður fengið kransæðastíflu og raunar barist við heilsuleysi drjúgan part ævi sinnar. Andlát þessa listamanns, lífskúnstners og fagurkera, bar upp á sama tíma og tók að vora í íslenskrar kvikmyndagerð með stofnun Kvikmyndasjóds.

Þessi þriðja sýningarsyrpa, sem tengir saman Ísland og Sovétríkin, hefst á því að við sjáum Magnúsi bregða fyrir í sjónvarpsviðtali frá því um miðjan áttunda áratuginn og einnig í mynd skólabróður síns **Júríj Salnikovs** *Kynni af Íslandi* frá 1967 (sýnd fyrr í vetur). Nefndar heimildarmyndir Magnúsar mynda kjarna sýningarinnar en tvær heimsóknarmyndir til Sovétríkjanna frá þessu sama tímabili fylla upp í heildarmyndina.





ÍPRÓTTIR OG FRÍÐUR Ólympíuleikarnir í Sovétríkjunum 1980

SOVÉTRÍKIN, 1980
Sýningartími: 150 mín
Enskur neðanmálstexti
FILMA 35mm, litur

Júrij Ozerov

Kvikmyndataka:
Nikolaj Olonovskij
Lev Maximov
Mikhaíl Oshurkov
Íþróttapulur: Nikolaj Ozerov

Aldrei í sögu Ólympíuleikanna höfðu jafnmargar þjóðir afboðað þátttöku sína. Til að mótmæla innrás Sovétríkjanna í Afganistan 1979 sniðgengu Bandaríkin leikana og í kjölfarið 60 aðrar þjóðir, þeirra á meðal Bretland, Frakkland, Ítalía og Svíþjóð. Þó tóku um 5000 íþróttamenn frá 81 landi þátt í leikunum. Myndin gefur innsýn í þessa atburði um leið og hún fangar þessa miklu íþróttahátíð með áhrifamiklu opunar- og lokaatriði.

Aukamynd:
Frá Ólympíuleikunum 1912
Þetta er þriðja elsta kvikmyndin sem til er af Íslendingum en í henni sést Sigurjón glímukappi á Álafossi og fimm aðrir íslenskir glímukappar. Á þessum tíma var hvítbláinn ekki viðurkenndur sem þjóðfáni Íslands og því notast við merki með nafni landsins.
Sýningartími: 2:20

Þriðjudagur 4. mar
Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 8. mar
Kl. 16:00



OLYMPIA Ólympíuleikarnir í Berlín 1936

1. hluti - Hátíð þjóðanna, 147 mín
... 30 mín hlé ...
2. hluti - Hátíð fegurðarinnar,
127 mín
ÞÝSKALAND, 1938
Þýskt tal
FILMA 35mm, svart/hvít

Leni Riefenstahl


Aðalkvikmyndatökumaður:
Paul Holzki
Klipping: Leni Riefenstahl

Olympia sem Leni Riefenstahl stjórnaði í tveimur hlutum var fyrsta heimildarbiómyndin af Ólympíuleikum, sem gerð hafði verið. Margvisleg þróuð bíómyndatekni, sem seinna varð staðall í kvikmyndaiðnaðinum var notuð og þótti marka þáttaskil á þessum tíma. Þar á meðal var notkun á óvenjulegum sjónarhornum, ofumæmyndir, keyrsluskot eftir áhorfendapöllum. Frásagnahátturinn er rómaður um allan heim en myndin veur samt andúð margra vegna pólitískis innihalds á uppgangsarum nazismans. Engu að síður er myndin á mörgum listum yfir mikilfenglegustu kvikmyndir allra tíma.

Þriðjudagur 11. mar
Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 15. mar
Kl. 16:00



TOKYO OLYMPIAD Ólympíuleikarnir í Tokyo 1964

JAPAN, 1965
Sýningartími: 170 mín
Japanskt tal
FILMA 35mm, litur

Kon Ichikawa

Kvikmyndataka: Kazuo Miyagawa, Shigeo Murata, Shigeichi Nagano, Kenji Nakamura, Tadashi Tanaka
Klipping: Tatsuji Nakashizu

Segja má um Ólympíumynd japanska leikstjórans Kon Ichikawa að hún sé sjónarspil í yfirstærð og sannarlega í hópi mikilfenglegustu heimilda um íþróttir sem nokkru sinni hafa verið festar á filmu. Með því að notast við frábæra breiðtjaldskvikmyndatöku rannsakar Ichikawa fegurðina og dramatíkina sem sumarólympíuleikarnir í Tókyó báru með sér. Myndin spannar allt sviðið frá hinu stórfenglega til hins nána og sérstaka. Upphafningin, örvæntingin, ástríðan og þjáningin sem fylgir keppni á Ólympíuleikum er sett fram af ljóðrænni og tæknilegri snilld sem ris í hæstu hæðir í eins konar óði til fegurðar mannslikamans og styrks mannsandans.

Þriðjudagur 18. mar
Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 22. mar
Kl. 16:00



MAGNÚS JÓNSSON (Viðtal)
KYNNI AF ÍSLANDI (Bútur):
Myndskeið með Magnúsi
Stj.: Júrij Salnikov

Ísland, 1975 • Sovétríkin, 1967
FILMA 16mm, sk 5:20 mín



240 FISKAR FYRIR KÚ
Stj.: Magnús Jónsson

Ísland, 1972
FILMA 16mm, sk 19:37 mín



Í ÞÁGU FRÍÐAR OG
SKILNINGS Á MILLI ÞJÓÐA
Stj.: Ogor Grigoriev

Sovétríkin, 1973
FILMA 35mm, sk 20:15 mín



ERN EFTIR ALDRI
Stj.: Magnús Jónsson

Ísland, 1975
FILMA 16mm, sk 27:00 mín



FORSÆTISRÁÐHERRA
ÍSLANDS HEIMSÆKIR SSSR
Stj.: Ívan Galín

Sovétríkin, 1977
FILMA 35mm, sk 19:39 mín

Þriðjudagur 25. mar
Kl. 20:00

Þitt val:
Alls 94 mín

Laugardagur 29. mar
Kl. 16:00

Þema: Eisenstein, Púdvkin, Tarkovsky sígildir • Púsjkín

Kvikmyndaskóli ríkisins í Moskvu, sem stofnaður var árið 1919 í kjölfar yfirlýsingar Lenins um mikilvægi kvikmyndastíllistarinnar fyrir hið unga sovéska ríki, hafði mikil áhrif á ungu kvikmyndagerðarmennina Púdvkin og Eisenstein, sem þar stunduðu nám. Á þessum upphafsárum tveggja ungra manna í kvikmyndagerð, sem áttu eftir að setja mark sitt á kvikmyndasögu heimsins, kemur einn af stjórnendum skólans, fræðimaðurinn Lev Kuleshov, mjög við sögu en fyrir honum gegndi klippingin grundvallarhlutverki í kvikmyndagerð. Árangurinn skilaði sér í sígildu byltingarmyndunum *Verkfalli* (1924), *Potemkin* (1925) og *Móðurinni* (Mat, 1926), sem allar nýttu sér kvikmyndaklippingu á nýjan og frumlegan hátt.

Púdvkin hafði náð að skilgreina og skerpa kvikmyndamál sitt í skólanum og beitti því við gerð *Móðurrinnar*, sem varð hans höfuðverk. Myndin gerist í byltingunni 1905 og byggir lauslega á samnefndri sögu Maxím Gorkíj. Púdvkin trúði því að aðferðin við að klippa kvikmyndir saman hefði langmestu áhrifin á áhorfandann og sömuleiðis sjónarhornið sem leikararnir væru kvikmyndaðir undir. Hann og kvikmyndatökumaður hans, Anatolí Golovnja, kvikmynduðu leikarana frá öllum mögulegum sjónarhornum til að ná fram dramatískum áhrifum, upp eftir þeim til að leggja áherslu á sjálfumgleði herforingjanna, og ofan frá til að leggja áherslu á angist móðurrinnar framarlega í myndinni en neðan frá til að undirstrika sigur hennar og frelsun í myndarlok. Púdvkin kvikmyndar ekki beint framan á leikara sína eins og þeir væru á leiksviði. Andrúmið og persónusköpunin í myndum hans byggist ekki á tilfinningaþrungnum leik fyrir framan kvikmyndatökuvélina. Leikarinn er þvert á móti allt að því hlutlaus þátttakandi í kvikmyndagerðinni.

Móðirin fékk feikna góðar viðtökur í Rússlandi á sínum tíma og var hylt í blöðunum sem „lifandi manneskjulegt drama“. Hún lifir enn sem einn af milusteinum kvikmyndasögunnar. Og það er ekki fyrir boðskapinn að nútímaáhorfandinn nýtur þess að horfa á hana heldur vegna þess minnisvarða sem hún geymir um listræn vinnubrögð Púdvkins og samstarfsmanna hans. Þetta á einkum við um túlkun aðalleikendanna og sköpunarmátt Púdvkins í klippiherberginu.



MÓÐIRIN Mat

SOVÉTRÍKIN, 1926
Sýningartími: 73 mín
Enskir millitextar
FILMA 35mm, svart/hvít

Vsevolod Púdvkin

Aðalhlutverk: Vera
Baranovskaja, Nikolai Batalov,
Aleksandr Tsjistjakov
Kvikmyndataka: Anatolí
Golovnja

Móðirin segir sögu 1905 byltingarinnar með því að draga upp dramatíska mynd af lítilli kjarnafjölskyldu. Í byrjun myndarinnar er sonurinn, Pavel, að hjálpa til við að skipuleggja fyrirhugað verkfall. Faðir hans, spilltur fylliraftur, hefur aftur á móti gengið í flokk hrotta sem hafa verið leigðir til þess að hindra að verkfallið nái fram að ganga. Móðirin, döpur og trúuð eiginkona og móðir, er eins og hengd upp á þráð á milli sonar síns og eiginmanns. Þegar til verkfallsins kemur verður eiginmaðurinn skotinn og sonurinn dæmdur í þrælkunarbúðir. Móðurrinni misþýður freklega þessi ákvörðun réttarins og fyrir en varir ummyndast þetta það í valdabaráttunni í hetju og pislavott byltingar sem vopn valdsins sölluðu niður að þessu sinni.

Þriðjudagur 1. apr
Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 5. apr
Kl. 16:00



RÚSLAN OG LJÚDMÍLA

SOVÉTRÍKIN, 1972
Sýningartími: 150 mín
Enskt tal (talsett að hluta)
FILMA 35mm, litur

Aleksandr Ptushko

Aðalhlutverk: Valerí Kozinets
og Natalja Petrova

Kvikmynd byggð á frægu samnefndu skáldverki Aleksandrs **Púsjkín**, sem leiðir okkur inn í heim ævintýra, þar sem söguhetjurnar eru umkringdar góðum og illum öflum. Aðalpersónan er Ljúdmíla, dóttir Vladímírs fursta í Konungsgarði, en hún er numin á brott rétt áður en halda á brúðkaup hennar og Rúslans. Þar sem Rúslan gat ekki komið í veg fyrir brottnáam Ljúdmílu ákveður furstinn að hver sá sem náð geti dóttur sinni aftur í heimahús megi kvænast henni. Rúslan heldur því til leitar að stúlkunni, ásamt tveimur öðrum keppinautum, og greinir sagnaljóðið frá þeirri leit hans og margvíslegum ævintýrum sem hann lendir í.

Þriðjudagur 8. apr
Kl. 20:00

Þitt val:

Laugardagur 12. apr
Kl. 16:00



UPPGANGAN

SOVÉTRÍKIN, 1977
 Sýningartími: 111 mín
 Ensukur neðanmálstexti
 FILMA 35mm, svart/hvít

Larisa Sjepitko

Aðalhlutverk: Boris Plotnikov, Vladimir Gostjukhin
Kvikmyndataka: Vladimir Tsjukhnov og Pavel Lebeshev

Þema: Samskipti Sovétríkjanna og Íslands í kvikmyndum IV

Fjórða syrran sem ber yfirskriftina „Samskipti Sovétríkjanna og Íslands í kvikmyndum“ byggist á sex rússneskum heimildarmyndum. Myndir frá stórborgunum tveimur, Moskvu og Leníngrad mynda ramma utan um myndir af tónskáldi og rithöfundum úr hópi frægustu listamanna Sovétríkjanna, svipmyndir frá hinni ævafornu Armeníu, sem var eitt af lýðveldum Sovétríkjanna, og innsýn á ritstjórn dagblaðsins Prövdu, sem vafalaust átti sinn þátt í að binda ríkjasambandið saman. Það sem tengir þessa syrru við Ísland er þulurinn **Sergei Khalipov**. Hann les íslenskan þulartexta við allar þessar kvikmyndir. Og það sem er merkilegt við þann lestur er að lesarinn hefur aldrei til Íslands komið. Einnig hitt hvað Sovétmenn lögðu mikið upp úr því að kynna menningu sína í kvikmyndum. Þeir virðast ekki hafa sparað sér neina fyrirhöfn eða kostnað úr því þeir höfðu fyrir því að láta framleiða kópiur af fræðslumyndum sínum á íslensku. Og þá ekki einvörðungu myndir, sem voru teknar hér á landi eða sýndu heimsóknir Íslendinga til Sovétríkjanna, heldur einnig myndir um sovésk efni. Það segir sig sjálfst að slíkar myndir hafa verið útbúnar á öðrum tungumálum og þá væntanlega á öllum helstu tungumálum heimsins.

Sergei Khalipov er nú rúmlega sjötugur að aldri. Hann hefur náð að tileinka sér ein 48 tungumál um ævina. Sagt er að það taki hann um 3 mánuði að ná tökum á nýju máli. Tungumálaáhogi hans hófst þegar hann safnaði ungur frimerkjum og vildi vita hvað stæði á þeim. Þessi löngun til að skilja orð og seinna tungumálið að baki orðunum ágerðist þegar söfnunaráráttan færðist yfir á hljómplötur. Þá vildi hann skilja textana sem fylgdu söngvunum og aðrar upplýsingar á plötuumslögnum. Fyrr en varði var hann sokkinn á bólakaf í tungumálanám, verkfærið sem með hvað áhrifamestum hætti brúar bil á milli þjóða og menningarsamfélaga.

Enda eru áhrif heimildarmyndanna frá Kreml og Leníngrad slík að ferðaglaðir áhorfendur hljóta að fyllast óþreyju eftir því að komast á þessa staði til að berja þá augum og njóta menningararfleifðarinnar sem þeir varðveita. Það er sömuleiðis gefandi að fá innsýn í heim tónskáldsins Sjostakovítsj, eins helsta tónskálds 20. aldarinnar, og skáldsins Vladímír Majakovskíj. Stjórnandi Sjostakovítsj myndarinnar er sjálfur Aleksandr Sukurov, leikstjóri *Faust*. Þá er það hnýsilegt að fylgjast með blaðamönnum á dagblaðinu Prövdu, sem var víðfrægt á tímum kaldastríðsins og oft var vitnað til hér heima en minna ber á hin síðari ár. Armeníukvikmyndin undirstrikar mikilvægi allra listgreina og hvernig listin nærast á þjóðarfinum eins og dæmið í myndinni um armenska tónskáldið Aram Khatsjaturjan og Sverðdans hans sýnir og sannar.

Sögusviðið er heimsstyrjöldin síðari. Skæruliðarnir Sotnikov og Rybak leggja í ferð langt inn á óvinasvæði í leit að vistum fyrir sveltandi félaga sína. Ferðalagið reynir ekki síður á andlegt atgervi þeirra en líkamsburði. Og það veltir upp ýmsum spurningum um samskipti, heiðarleika og frelsið. Inntak myndarinnar visar til píslargöngu Krists og svika Júdasar og er því vel viðeigandi íhugunarefni í dymbilviku. Kvikmyndatakan er eftirtektarverð, fálleg og áhrifarík.

Þriðjudagur 15. apr
 Kl. 20:00

Þitt val:

PÁSKAR

Um Sergei Khalipov í samantekt Ívars H. Jónssonar, formanns MÍR

Langflestar þeirra kvikmynda í filmugeymslum Kvikmyndasafns Íslands í Hafnarfirði, sem komu frá félaginu MÍR, Menningartengslum Íslands og Rússlands, á fyrstu árum þessarar aldar, eru með rússnesku tali og/ eða skýringatextum, en margar jafnframt með texta eða tali á öðrum tungumálum, flestar á ensku en einning norsku, dönsku, þýsku og íslensku. Þýðingar og innlestur nær allra textuðu kvikmyndanna á íslensk er verk eins manns, Sergeis Khalipov, rússnesks tungumálagarps, sem náð hefur aðdáunarverðum tökum á íslenskunni, þó aldrei hafi til Íslands komið!

Sergei Grigorevitsj Khalipov er fæddur í borginni Leníngrad, sem nú ber gamla nafnið Sankti Pétursborg, ólst þar upp að mestu og stundaði nám. Snemma á námsferlinum komu í ljós einstæðir hæfileikar hans á sviði tungumála. Þessa hæfileika hefur Sergei nýtt til að „safna“ tungumálum úr ýmsum áttum í minnissarp sinn, og skipta málin og mállýskurnar, sem hann hefur á valdi sínu, orðið mörgum tugum. Íslenskuna telur Sergei ekki í hópi þeirra tungumála sem hann er sleipastur í, enda aldrei til Íslands komið, eins og áður var sagt, og löngun gefist fá og stöpul tækifæri til samræðna við Íslendinga á móðurmáli þeirra. Greina mátti umtalsverðar framfarir í íslenskukunnáttu Sergeis Khalipov á níunda áratug síðustu aldar, þegar hann var aðaltúlkurinn í fjölmennum hópferðum MÍR til Sovétríkjanna. Hann samdi jafnframt á sömu árum og las inn skýringar á íslensku með nær öllum þeim heimildarmyndum, sem MÍR fékk á þeim tíma sendar frá sovéskum samstarfsaðilum. „Myndir Sergeis“ í Kvikmyndasafninu í Hafnarfirði munu vera hátt í tvö hundruð talsins.

Sergei Khalipov hefur lengst af stundað kennslu tungumála við æðri menntastofnanir í heimalandi sínu og sinnt jafnframt starfi þýðanda. Hann er í hópi heiðursfélaga MÍR, Menningartengsla Íslands og Rússlands.



Sergei Khalipov og Ívar H. Jónsson

SKOÐUNARFERÐ

UM KREML

Höf. F. Tjapkin

Sovétríkin, ártal óvíst
 FILMA 35mm, litur 25:00 mín

TÓNSKÁLDIÐ

Sjostakovítsj

Stj.: A. Sokurov

Sovétríkin, 1976

FILMA 35mm, sv/hv 16:30 mín



HLJÓMFALL OG LITIR

ARMENÍU

Stj.: Parkev Malajan

Sovétríkin, ártal óvíst

FILMA 35mm, litur 20:00 mín



ÁHRIF DAGBLAÐSINS

PRÖVDU

Stj.: Irina Zjúkovskaja

Sovétríkin, ártal óvíst

FILMA 16mm sk, s/h 20:00 mín



VLADIMIR MAJAKOVSKY

Stj.: Tsjivasjenka

Sovétríkin, 1986

FILMA 16mm sk, s/h 10:05 mín



FRÁ SANKTI PÉTURSBORG

TIL LENÍNGRAD

Stj. Ópekkur

Sovétríkin, 1987

FILMA 35mm sk, s/h 15:42 mín

Þriðjudagur 22. apr

Kl. 20:00

Þitt val:

Alls: 107 mín

Laugardagur 26. apr

Kl. 16:00



STRÍÐ OG FRÍÐUR
Vojna i mir
1. hluti - Andrei Bolkonsky

SOVÉTRÍKIN, 1966 (14. mars)
Sýningartími: 118 mín
Enskt tal (talsett)
FILMA 35mm, litur

Sergei Bondartsjúk

Aðalhlutverk: Ljúdmila
Saveljeva, Sergei
Bondartsjúk, Vjatsjeslav
Tikhonov og Irina Skobtseva
Kvikmyndataka: Anatolí
Petritskij

Pierre Bezukhov, launsonur ríks hefðarmanns, er kynntur fyrir fina fólkinu í Sankti Pétursborg árið 1805. Vinur hans, Andreij Bolkonskij prins gengur í rússneska herinn sem aðstoðarliðsforingi Mikhaíl Kutuzov hershöfðingja í þriggja ríkja bandalagi Rússa o.fl. gegn Napóleon. Atvikin haga því svo að Pierre Bezukhov giftist Héléne Kuragin en hún reynist honum ótrú. Bolkonskij prins tekur þátt í misheppnuðum hernaði bandalagsríkjanna þriggja í Austurríki, orustunni við Schöngraben og Austerlitz. Hann særast illa og er talinn af. Konan hans, Lísa, deyr af barnsförum. Bolkonskij snýr aftur heim og hittir þá fyrir Natösju Rostovu greifadóttur.

Þriðjudagur 29. apr
Kl. 20:00

Þitt val:



STRÍÐ OG FRÍÐUR
Vojna i mir
2. hluti - Natasha Rostova

SOVÉTRÍKIN, 1966 (20. júlí)
Sýningartími: 100 mín
Enskt tal (talsett)
FILMA 35mm, litur

FRÓÐLEIKSMOLAR

Árið 1960 buðu nokkrir kvikmyndaleikstjórar fram krafta sína til að stjórna tökum á Stríði og friði, þeirra á meðal Mikhaíl Romm og Sergei Gerasimov. En það var Ívan Pyrjev, einn af leikstjórum Karamazov-bræðranna, sem virtist sigurstranglegur. Bondartsjúk var hins vegar kjörinn til verksins, án þess að hann hefði sóst eftir því og var nýgræðingur í greininni. Khrútsjov stjórnin þóttist sjá í honum nýja kynslóð kvikmyndagerðarmanna og ástæðu til að ýta eldri kynslóðinni til hliðar.

Í árslok 1809 fer Natasja Rostova á sinn fyrsta dansleik. Andreij Bolkonskij prins fellur hug til hennar og áformar að giftast henni en faðir hennar krefst þess að þau bíði með það. Prinsinn fer í ferðalag til útlanda og Natasja saknar hans full örvæntingar. En þá verður Anatolí Kuragin á vegi hennar og hún hættir að hugsa um Andreij. Á síðustu stundu iðrast hún gjörða sinna og hættir við að hlaupast á brott með Anatolí Kuragin. Bolkonskij verður þessa áskynja og slítur trúlofun þeirra. Pierre reynir þá að hughreysta Natösju en lýsir þá skyndilega því yfir að hann elski hana.

Miðvikudagur 30. apr
Kl. 20:00

Þitt val:



STRÍÐ OG FRÍÐUR
Vojna i mir
3. hluti - Arið 1812

SOVÉTRÍKIN, 1967 (21. júlí)
Sýningartími: 100 mín
Enskt tal (talsett)
FILMA 35mm, litur

Ýmsir vestrænir fjölmiðlar hafa haldið því fram að fjöldi hermanna sem tóku þátt í Stríðs og friðar hafi verið hátt í 120 þúsund. Þegar Bondartsjúk var spurður út í þetta í viðtali sem National Geographic átti við hann árið 1986 svaraði hann því til að þetta væru ýkjur. Hann hefði haft 12 þúsund hermenn til ráðstöfunar. Gert var ráð fyrir að þeir yfirgæfu tökustað eftir 13 daga en það dróst hins vegar í 3 mánuði.

Árið 1812 ryðst her Napóleons inn í Rússland. Kutuzov hershöfðingi biður Andreij Bolkonskij um að ganga í lið með sér og verða einn af hans nánustu liðsforingjum. Prinsinn vill ganga lengra og krefst þess að mega stjórna á orustuvellinum. Pierre Bezukhov fer til að athuga aðstæður á milli andstæðra fylkinga. Meðan á orustunni við Borodino stendur býður hann sig fram sem sjálfboðaliða í stórskotaliðsherdeild. Herdeild Bolkonskij's biður átekta en hann særast og verður fyrir taugaáfalli. Franski herinn er sigursæll og setur stefnu á Moskvu.

Föstudagur 2. maí
Kl. 20:00

Þitt val:



STRÍÐ OG FRÍÐUR
Vojna i mir
4. hluti - Pierre Bezukhov

SOVÉTRÍKIN, 1967 (4. nóv)
Sýningartími: 100 mín
Enskt tal (talsett)
FILMA 35mm, litur

7. júlí 1964 eftir tölur í Leníngrad var Bondartsjúk óvænt fyrirskipað af yfirboðurum sínum að ýta öllu til hliðar; þegar vinnunni við myndina var langt í frá lokið, til að geta lokið við fyrstu tvo hlutana fyrir kvikmyndahátíðina í Moskvu. Þá gerðist það að Bondartsjúk fékk hjartaslag og var um skeið úrskurðaður lækniþræðilega dauður. Það fyrsta sem hann sagði þegar hann náði meðvitund var: „Ej ég dey, látið Gerasimov ljúka verkinu“. Kvikmyndatöku var þá frestað fram í september. Þetta endurtók sig ári síðar þegar fyrstu tveir hlutarnir voru frumsýndir en aftur hafði meistarinn sigur.

Á meðan Moskva brennur af völdum hörfandi hers Rússa, flýr Rostov fjölskyldan sveitasetur sitt og hefur með sér særða hermenn en einnig Andreij Bolkonskij og aðra óþekkta liðsmenn. Dulbúinn í bóndagervi reynir Pierre að myrða Napóleon en er tekinn fastur. Eftir að Frakkar hafa verið knúnir til undanhalds neyðist hann til að ganga með „Hernum mikla“ mánuðum saman vestur á leið út úr Rússlandi áður en hann er frelsaður af árásarsveitum. Her Kútúzovs gjörsigar Frakka í orustunni við Krasnoi. Andrei þekkist og er færður heim á setur sitt. Á dánarbedi sínu fyrirgefur hann Natösju. Hún endurheimtir Pierre, þau gifta sig og Moskva er endurreist.

Laugardagur 3. maí
Kl. 16:00

Þitt val:

SÝNINGASKRÁ KVIKMYNDASAFNS ÍSLANDS 2013 - 14

03. sep	07. sep	Karamazov-bræðurnir I	Kírill Lavrov,
10. sep	14. sep	Karamazov-bræðurnir III	Mikhaíl Úljanov og
17. sep	21. sep	Karamazov-bræðurnir III	Ívan Pyrjev
24. sep	28. sep	Samskipti Sovétríkjanna og Íslands... I	Ýmsir stjórnendur
01. okt	05. okt	Október. Aukamynd: Leníngrad, vagga bylt..	Sergei M. Eisenstein
08. okt	12. okt	Farðu og sjáðu	Elem Klimov
15. okt	19. okt	Venjulegur fasismi. Aukamynd: Romm	Mikhaíl Romm
22. okt	26. okt	Zjúkov marskálkur. Aukamynd: Vopn þeirra	Marina Babak
29. okt	02. nóv	Teiknimyndir	Ýmsir stjórnendur
05. nóv	09. nóv	Faust	Aleksandr Sokurov
12. nóv	16. nóv	Heimilið	Oleg Pogodin
19. nóv	23. nóv	Tulpan	Sergei Dvortsevov
26. nóv	30. nóv	Ófullgert verk fyrir sjálfspilandi píanó	Nikita Mikhalkov
03. des	07. des	Galina Ulanova • Maja Plisetskaja • Aukam..	Ýmsir stjórnendur
10. des	14. des	Spartakus	Vadim Derbenyov og
17. des	21. des	Ívan grimmi	Yuri Grigorovich
14. jan	18. jan	Ástarsaga úr stríðinu	Pyotr Todorovsky
21. jan	25. jan	Brautarstöð fyrir tvo	Eldar Ryazanov
28. jan	01. feb	Samskipti Sovétríkjanna og Íslands... II	Ýmsir stjórnendur
04. feb	08. feb	Einn möguleiki af þúsund	Leonid Kotsarjan
11. feb	15. feb	Sergey Lazo	Aleksandr Gordon
18. feb	22. feb	Fórnin	Andrei Tarkovsky
25. feb	01. mar	Solaris	Andrei Tarkowsky
04. mar	08. mar	Ólympíumynd Rússlands 1980. Aukamynd...	Yuri Ozerov
11. mar	15. mar	Ólympíumynd Þjóðverja 1936. 1. og 2. hluti	Leni Riefensthal
18. mar	22. mar	Ólympíumynd Japana 1964	Kon Ichikawa
25. mar	29. mar	Samskipti Sovétríkjanna og Íslands... III	Ýmsir stjórnendur
01. apr	05. apr	Móðirin	Vsevolod Púdovkin
08. apr	12. apr	Rúslan og Ljúdmíla	Aleksandr Ptushko
15. apr		Uppgangan	Larisa Shepitko
22. apr	26. apr	Samskipti Sovétríkjanna og Íslands... IV	Ýmsir, Khalipov
29.-30. a og 2.-3. m		Stríð og friður, 1. - 4. hluti	Sergei Bondartsjúk